

## „Honum sje eilíft lof og æra fyrir strítt og blítt“<sup>1</sup>

Jón Steingrímsson og Skaftáreldar

### Inngangur

Upp á síðkastið hafa eldsumbrot verið tíð á Íslandi og spáð er að í náninni framtíð geti stórgos orðið í ýmsum megineldstöðvum landsins.<sup>2</sup> Þá hefur vitund fólks vaxið um að eldgos eru ekki einvörðungu jarðfræðileg fyrirbæri heldur einnig samfélagsleg. Er þá bæði átt við að jarðeldar hafa samfélagsáhrif er gos verður í eða nærri byggð eins og gerdist í Heimaey (1973) og Eyjafjallajökli (2010) en einnig víðfeðmari áhrif. Þau gera til dæmis vart við sig ef gos lama samgöngur eða hafa langvinnar hliðarverkanir sem koma meðal annars fram í mengun og jafnvel loftslagsáhrifum. Sú var til dæmis raunin um Skaftárelda (einnig nefndir Síðueldur og eldurinn). Þegar það gerist geta eldsumbrot haft mikil, víðtæk og varanleg áhrif á líf bæði manna og dýra. Tengsl eldgosa og samfélags eru einnig af öðrum toga. Gerð samfélags og aðstæður í því ráða til dæmis miklu um hversu vel samfélagið er í stakk búið til að mæta eldsumbrotum. Einnig valda samfélags- og menningarlegar aðstæður miklu um hvernig fólk bregst við eldgosum, skilur þau og skynjar og túlkar og tjáir reynslu sína af þeim.

Eldsumbrot hafa haft afgerandi áhrif á íslenskt samfélag á ýmsum tímum. Þessu máli gegnir öðrum gosum framar um Skaftárelda 1783–1784 og móðuharðindin sem fylgdu í kjölfarið en þeim hefur verið lýst sem einna áhrifamestu atburðum í sögu íslensku þjóðarinnar samfélags- og menningarlega.<sup>3</sup> Af þeim sökum eru þessir atburðir mikilvæg viðfangsefni fyrir guðfræðilegar og kirkjusögulegar rannsóknir. Þessar greinar láta sig öll félags- og menningarsöguleg hvörf í lífi fólks, einstaklinga og samfélags, varða hvort sem er í sögu eða samtíð. Kirkjusögulega séð koma að minnsta kosti þrjú eftirfarandi atriði til álita í sambandi við Síðueld.

Meira er vitað um þessi eldsumbrot en nokkurt sambærilegt gos og sagt hefur verið að „[...] ein merkasta goslýsing mannkynssögunnar“ fjalli einmitt um þau.<sup>4</sup> Er þar átt við frásagnir Jóns Steingrímssonar (1728–1791) „eldklerks“ af umbrotunum og skammtíma-afleiðingum þeirra sem er að finna í *Eldriti* hans eða *Fullkomnu skrifum um Síðueld* sem upphaflega var skráð í nokkurs konar minnis- eða dagbókarfærslum.<sup>5</sup> Í því sambandi kemur

<sup>1</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* 4, Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 1–57, hér bls. 45.

<sup>2</sup> Þessi grein er byggð á fyrirlestri sem fluttur var á ráðstefnunni *Eldsumbrot og samélag* sem haldin var í Háskólanum á Akureyri 20. mars 2015 en hún var samvinnuverkefni HA og AkureyrarAkademiunnar.

<sup>3</sup> Sveinbörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, ritn. Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl., Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 163–178, hér bls. 176.

<sup>4</sup> Þorvaldur Þórðarson, „Skaftáreldar 1783–1784“, *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar*, aðalritstj. Júlíus Sólmes, Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands/Háskólaútgáfan, 2013, bls. 458–462, hér bls. 458.

<sup>5</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 4. *Eldritið* er til í eiginhandarriti (Lbs. 1552 4<sup>to</sup>). Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 16. Eldritið hefur verið gefið út

til álita hvað gerði það að verkum að prestur tók sér fyrir hendur að skrásetja lýsingu á náttúruhamförum af annarri eins þekkingu og skilningi og fram kemur í *Eldriti* Jóns. Í ævisögu sinni ritaði Jón einnig stuttlega um gosið í 41. kafla en þess gætir mikið út söguna þar sem eftirmál og afleiðingar þess fylgdu Jóni það sem eftir var ævinnar en hann var þrotinn að heilsu vegna eldsins og markaði það líf hans allt til enda.<sup>6</sup> Auk þess var hann ásakaður um að hafa misfarið með samskotafé er stiftamtmaður hafði falið honum að afhenda Lýð Guðmundssyni (1728–1812) sýslumanni í Vík. Á leiðinni útdeildi hann hluta af fénu til bænda sem vissulega áttu tilkall til þess og voru komnir til gripakaupa vestur fyrir Vík en þangað var þeim ætlað að sækja styrkinn til sýslumanns. Lauk málinu með að Jón var dæmdur í 5 rd. sekt til fátækra presta og til að biðjast fyrirgefningar fyrir synóðarétti en það hann gerði um þingtímamann 1786.<sup>7</sup> Má ætla að þetta mál sé ein af ástæðum þess að Jón réðst í að rita ævisögu sína en með henni vildi hann meðal annars skýra sína hlið á því fyrir afkomendum sínum.

Jón lýsti þó ekki aðeins eldinum heldur túlkaði hann atburðina einnig út frá ákveðinni heims- og samfélagssýn sem hann sótti til guðfræði sinnar og trúar. Í því sambandi er mikilvægt að greina hver sú túlkun var sem Jón boðaði og hvort hún hafi verið almenn meðal íslenskra kennimanna í samtíð hans eða hvort hún komi fram hjá honum með sérstökum hætti á þessum tíma.<sup>8</sup>

Loks skal spurt hvaða áhrif sýn Jóns á eldinn og túlkun hans á honum hafi haft á viðbrögð hans við hamförunum, hvort hún hafi dregið úr honum mátt eða hvatt hann til aðgerða. Í því sambandi skal bent á að túlkun Jóns byggðist á að í eldsumbrotunum bæri honum og samtímafólki hans að sjá réttláta en refsandi reiði Guðs (sjá síðar). Af slíkri túlkun hefur sagnfræðingurinn Gísli Gunnarsson dregið eftirfarandi ályktun:

---

tvívegis. Á framangreindum stað og með ævisögu Jóns: Jón Steingrímsson, „Eldritið“, *Æfisisagan og önnur rit*, Kristján Albertsson gaf út, Reykjavík: Helgafell, 1973, bls. 337–390. Hér er vísað til eldri útgáfunnar. Fleiri samtímaheimildir eru til um gosið og verður dregið á sumar þeirra síðar. Þess má geta að Jón Steingrímsson ritaði annað eldrit sem fjallaði um Kötlu og gos í henni fyrr á tíð eða til 1311. Jón Steingrímsson, „Kötlugjá“, *Æfisisagan og önnur rit*, Kristján Albertsson gaf út, Reykjavík: Helgafell, 1973, bls. 393–403. Sjálfur varð Jón vottur að Kötlugosi veturinn 1755 er hann var nýkominn í Mýrdalinn. Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, í Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 1–196, hér bls. 66–69 (Viðauki).

<sup>6</sup> Sjá t.d. Hjalti Hugason, „Sjálfsvitund á barmi taugaáfalls: Sr. Jón Steingrímsson og þróun einstaklingsvitundar“, *Menntaspor: Rit til heiðurs Lofni Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*, ritstj. Dóra S. Bjarnason o.fl., Reykjavík: Sögufélag, 2008, bls. 225–239. Ævisagan er varðveitt í eiginhandarritinu Lbs. 182 4<sup>o</sup>. Undir lokin er þó kafli sem Bergur Jónsson (1760–1852) aðstodarprestur og tengdasonur Jóns hefur ritað eftir fyrirsögn hans. Vegna umfangs síns er sagan, sem er talið vera um ¼–⅓ styttri en Nýja testamentið, álitin ein besta heimild til málsögulegra og menningarsögulegra rannsókna á 18. öld. Kjartan G. Ottósson, „Jón Steingrímsson prófastur og íslensk málsaga“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8, 1986, bls. 175–183, hér bls. 175, 178. Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, bls. 14–15. „Upplýsingaröld 1750–1840“, *Íslensk bókmenntasaga* 3, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 21–218, hér bls. 127 (Matthías Viðar Sæmundsson). Ævisagan í heild hefur verið gefin út fjórum sinnum. Jón Steingrímsson, *Æfisisaga Jóns prófasts Steingrímssonar eftir sjálfan hann*, Reykjavík: Sögufélag, 1913–1916; Jón Steingrímsson, *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar eftir sjálfan hann*, 2. útg., Skaftfellarít 1, Guðbrandur Jónsson sá um útgáfuna, Reykjavík: Helgafell, 1945; Jón Steingrímsson, „Ævisagan“, *Æfisisagan og önnur rit*, Kristján Albertsson gaf út, Reykjavík: Helgafell, 1973, bls. 23–335; Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 1–196. Auk þess hafa hlutar sögunnar birst í blöðum og tímaritum. Hér er vísað til nýjustu útgáfunnar.

<sup>7</sup> Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 113–115, 118–123. Einar Laxness, „Á 200 ára afmæli Skaftárelda“, *Dynskógur: Rit Vestur-Skaftfellinga* 3, 1985, bls. 97–118, hér bls. 110–112.

<sup>8</sup> Einar Laxness tók gildishlaðna afstöðu í þessu efni og ræddi um „[...] frumstæðar skýringar [...]“ Jóns á orsökum eldsins. Einar Laxness, „Á 200 ára afmæli Skaftárelda“, bls. 104. Slíkir gildisdómar virðast óþarfir ef nálgast á fyrri tíma frá hugarfarssögulegu sjónarhorni.

Að hefja varnaðgerðir gegn réttlátri refsingu Almættisins hlaut samkvæmt þessari formúlu að vera enn þá frekara dæmi um sérþótta og sjálfbirgingskap. Best væri þá að láta hvern deyja sínum Drottni líkt og forlögin hefðu ákveðið.<sup>9</sup>

Hér skal því ekki mótmælt að þessi kaldranalega ályktun hafi verið dregin af trúar- eða guðfræðilegri sögusýn af ofangreindu tagi bæði fyrr og síðar né heldur að hún hafi haft nokkur áhrif á tímum móðuharðindanna og hennar hafi jafnvel gætt hjá Jóni Steingrímssyni sjálfum (sjá síðar). Gísli Gunnarsson sýnir raunar fram á þetta í ritgerðinni sem vísað er til. Hér skal aftur á móti spurt hvort ályktun af þessu tagi sé óhjákvæmilegur fylgifiskur refsingartúlkunarinnar, hvort Jón Steingrímsson hafi talið að svo væri og hvort hún hafi ráðið gerðum hans í Skaftáreldum og eftirfylgjandi móðuharðindum. Hér verður þó ekki tekið undir fyrrnefnda endurgjaldsskýringu né því haldið fram að hún hafi gildi í samtímanum. Þvert á móti skal lítið svo á að hér sé fremur um að ræða sálfræðilega, rökræna og siðferðilega tilraun til að skýra áföll og böll en ekki sérkristna kenningu.<sup>10</sup>

Um Skaftárelda og móðuharðindin hefur margt verið ritað á sviði raunvísinda. Nú síðast hefur verið fjallað um hamfarirnar sem eitt af mestu eldgosum jarðar í ritinu *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar* (Reykjavík, 2013). Um atburðina er fjallað frá sagnfræðilegu sjónarhorni í öllum helstu ritum um sögu Íslendinga á 18. öld. Í því sambandi nægir að vísa til umfjöllunar Lýðs Björnssonar (1933–2015) sagnfræðings um 18. öldina í VIII. bindi *Sögu Íslands* (Reykjavík, 2006). Einnig má benda á safnritið *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir* (Reykjavík, 1984) sem gefið var út er 200 ár voru liðin frá goslokum. Um Jón Steingrímsson og rit hans hefur einnig verið fjallað víða en einkum í yfirlitsritum.<sup>11</sup>

## Hamfarir og félagslegt hrun

Skaftáreldar hófust 8. júní 1783 en sjálfu eldgosinu lauk 7. febrúar árið eftir. Voru þeir hluti af tveggja ára umbrotum í Grímsvatnakerfinu sem hófust í maí 1783.<sup>12</sup> Móðuharðindunum sem fylgdu í kjölfarið er talið lokið sumarið 1785 og tók byggðin á hamfarasvæðinu þá að

<sup>9</sup> Gísli Gunnarsson, „Vorur Móðuharðindin af manna völdum?“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, ritn. Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl., Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 235–242, hér bls. 236.

<sup>10</sup> Alkunna er að hugmyndir um réttláta refsingu fyrir brot (lat. *lex talionis*) eru oft notaðar á yfirferðan hátt til að skýra böll sem fólk verður fyrir. Auka slíkar hugmyndir oft á þjáningu einstaklinga sem kenna sjálfum sér um ólán sitt. Kristur tók afstöðu gegn slíkum hugmyndum að sögn *Jóhannesar guðspjalls*, sjá Jóh 9.1–3.

<sup>11</sup> Um Jón Steingrímsson hefur verið fjallað með margháttuðu móti, ekki síst á síðustu árum. Um hann hefur verið gert námsefni fyrir grunnskóla. Aðalsteinn Eiríksson (í samráði við starfshóp um samfélagsfr. á vegum Mmr. og skólarannsóknadeildar), *Jón Steingrímsson og Móðuharðindin*, 2. útg., Reykjavík: Námsgagnastofnun, 1985 (hluti af gagnasafni til kennslu). Þá hafa verið gefnar út a.m.k. tvær (sögulegar) skáldsögur þar sem hann er aðalpersóna eða mikilvæg aukapersóna. Jón Trausti (Guðmundur Magnússon (1873–1918)) samdi tvær sögur, „Holt og Skál“ og „Sigur lífsins“ sem saman kallast *Sögur frá Skaftáreldi* og komu út 1912–1913. Jón Trausti, *Ritsafn* 4, Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó Guðjónssonar, 1942. Jón Steingrímsson er hetja en þó aukapersóna í fyrri sögunni en aðalpersóna í hinni síðari er bæði má skoða sem hetju og andhetju. Þá hefur Ófeigur Sigurðsson sent frá sér skáldsögu sem fjallar um afmarkaðan hluta ævi Jóns, nánar til tekið veturinn 1755–1756, er hann dvaldi að Hellum í Mýrdal. Ófeigur Sigurðsson, *Skáldsaga um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í bellu yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma*, Reykjavík: Mál og menning, 2010 (sjá síðar). Þá hafa a.m.k. tvö leikverk verið sett upp um hann. Leikdeild umf. Ármanns á Kirkjubæjarklaustri setti upp verk eftir Þórunni Sigurðardóttur 1991. Sjá Bjarni Guðmarsson, „Eldklerkurinn og brúarsmiðirnir“, *Leiklistarblaðið* 18:3/1991, bls. 15. Þá færði Möguleikhúsið upp verkið *Eldklerkurinn* eftir Pétur Eggerz 2013 og síðar. Þar myndar dómsmálið gegn Jóni Steingrímssyni (sjá síðar) upphafs- og lokasenu og er það þannig burðarás í því verki.

<sup>12</sup> Magnús Tumi Guðmundsson o.fl., „Grímsvötn“, *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar*, aðalritstj. Júlíus Sólmes, Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan, 2013, bls. 235–252, hér bls. 249. Júlíus Sólmes, „Annáll eldgosa“, *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar*, aðalritstj. Júlíus Sólmes, Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan, 2013, bls. 462–469, hér bls. 465.

rétta við.<sup>13</sup> Á landsvísu hélt þó fólksfækkun áfram árið eftir en þá einkum vegna bólu-sóttar.<sup>14</sup> Gosið telst annað mesta flæðibasaltgos jarðar á síðastliðnum 2000 árum. Aðeins gosið í Eldgjá 934 var stærra.<sup>15</sup> Gosið flokkast því með mestu eldgosum jarðar.<sup>16</sup> Á svokallaðan áhrifakvarða (e. *intensity scale* sem skiptist í bilin 1–12) teljast Skaftáreldar hafa verið af stærðinni IS=9 en í gosinu komu upp um 16 km<sup>3</sup> af gosefnum.<sup>17</sup> Þekur hraun úr Skaftáreldum nú um 600 km<sup>2</sup> lands og er magn þess metið 15 km<sup>3</sup>.<sup>18</sup> Þá losnuðu um 120 milljón tonn af brennisteinstvöldi (SO<sub>2</sub>) út í andrúmsloftið.<sup>19</sup> Olli það móðuharðindunum sem höfðu víðtæk veðurfarsleg áhrif en reikna má með að móðan hafi lækkað meðalárshita á norðurhveli um eina gráðu í eitt til þrjú ár og auk þess valdið nokkrum veðurfarsöfngum.<sup>20</sup>

Hamfarirnar ollu meiri háttar félagslegri röskun. Á harðindatímanum dóu um 10.000 manns á landinu öllu og fækkaði þjóðinni um rúmlega 20 prósent. Íbúar í héruðunum milli Mýrdalssands og Skeiðarársands (Kleifa- og Leiðvallarhreppum) töldust árið 1785 vera 486 og var það aðeins 37 prósent af þeim sem þar bjuggu fyrir gos.<sup>21</sup> Á svæðinu fækkaði íbúum því um rúmlega 60 prósent og heimilum þar fækkaði um helming.<sup>22</sup> Hefur verið bent á að sú staðreynd að grafa þurfti fólk í fjöldagröfum á svæðinu sem verst varð úti sé einn raunhæfasti mælikvarðinn á umfang og félagslegar afleiðingar harðindanna.<sup>23</sup> Kom þar til bæði fjöldi látinna og ástand og fæð þeirra sem héldust við í gossveitunum en þeir sem eftir lifðu áttu erfitt með að taka grafir í freðinni jörð þar sem allir bjuggu við vannæringu og vosbúð. Meðal þess sem gerði fólk erfitt fyrir þegar fólksfellir skall á þegar líða tók á gosveturinn var líka hrossadauði.<sup>24</sup> Snjóleysi olli því og að ekki var mögulegt að aka líkum

<sup>13</sup> Með hamfarasvæðinu er átt við Leiðvallarhrepp (Álftaver, Skaftártungu og Meðalland) sem skiptist í Þykkvabæjarklausturssókn, Búlandssókn, Ásasókn og Meðallandssókn og Kleifahrepp (Síðu, Landbrot og Fljótshverfi) sem skiptist í Skálarsókn, Kirkjubæjarklausturssókn og Kálfafellssókn. Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodórsson, „Áhrif Skaftárelða á byggð og mannfjölda í Leiðvallar- og Kleifahreppum“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, ritn. Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl., Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 99–117, hér bls. 111.

<sup>14</sup> Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksflótti úr Vestur-Skaftafellssýslu í kjölfar Skaftárelða“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, ritn. Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl., Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 119–128, hér bls. 127.

<sup>15</sup> Magnús Tumi Guðmundsson o.fl., „Grímsvötn“, bls. 249. Þorvaldur Þórðarson, „Skaftáreldar 1783–1784“, *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar*, aðalritstj. Júlíus Sólness, Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan, 2013, bls. 458–462, hér bls. 458. Júlíus Sólness, „Annáll eldgosa“, bls. 465.

<sup>16</sup> Haraldur Sigurðsson o.fl., „Mestu eldgos jarðar“, *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar*, aðalritstj. Júlíus Sólness, Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan, 2013, bls. 449–469, hér bls. 449.

<sup>17</sup> Ármann Höskuldsson o.fl., „Eldgos“, *Náttúruvá á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar*, aðalritstj. Júlíus Sólness, Reykjavík: Viðlagatrygging Íslands, Háskólaútgáfan, 2013, bls. 89–100, hér bls. 89.

<sup>18</sup> Magnús Tumi Guðmundsson o.fl., „Grímsvötn“, bls. 249.

<sup>19</sup> Þorvaldur Þórðarson, „Skaftáreldar 1783–1784“, bls. 460.

<sup>20</sup> Sama rit, bls. 461–462. Víða eru varðveittar frásagnir af ýmiss konar afleiðingum gossins. M.a. má benda á að rauður litur sólar vakti óhug hjá fólk. Þá er bæði innan lands og utan getið um erfiðleika fiskimanna að finna mið sín og sæfarenda að rata rétta leið. Pétur Þorsteinsson, „Annáll Péturs sýslumanns Þorsteinssonar á Ketilsstöðum á Völlum eða Ketilsstaðaannáll 1742–1784“, *Annálar 1400–1800*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1940–1948, bls. 389–462, hér bls. 456. Magnús Pétursson, „Annáll séra Magnúsar Péturssonar á Höskuldsstöðum eða Höskuldsstaðaannáll 1730–1784“, *Annálar 1400–1800*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1940–1948, bls. 463–603, hér bls. 595. Sigurður Steinþórsson, „Annus mirabilis. 1783 í erlendum heimildum“, *Skírnir: Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 166: vor/1992, bls. 133–155, hér bls. 139, 141, 143, 147.

<sup>21</sup> Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodórsson, „Áhrif Skaftárelða á byggð og mannfjölda í Leiðvallarhreppi og Kleifahreppi“, bls. 111. Jóni Steingrímssyni taldist svo til að af 85 bændum og alls 613 manns hefði aðeins 21 bóndi orðið eftir og 93 einstaklingar alls og miðar þar líklega við Kleifahrepp. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 40. Annars staðar nefndi Jón að þriðjungur fólksins hefði verið „upprikkri“ í harðindunum. Ekki getur hann þess hvort hann eigi þá við sókn sína eins og á tilfærðum stað eða á hamfarasvæðinu. Sama rit, bls. 43. Þar er þó líklega fremur um bókmenntalegt minni en tölfraði í nútímamerkingu að ræða.

<sup>22</sup> Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodórsson, „Áhrif Skaftárelða á byggð og mannfjölda í Leiðvallarhreppi og Kleifahreppi“, bls. 106, 110. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksflótti úr Vestur-Skaftafellssýslu í kjölfar Skaftárelða“, bls. 124. Einar Laxness, „Á 200 ára afmæli Skaftárelða“, bls. 112–113.

<sup>23</sup> Þorvaldur Þórðarson, „Skaftáreldar 1783–1784“, bls. 461.

<sup>24</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 36–37.

til kirkju. Loks var svo komið að aðeins „einn gamall holdgróinn reiðhestur“ sem Jón Steingrímsson hafði keypt um haustið var fær til líkflutninga.<sup>25</sup> Jóni taldist svo til að í Prestbakkasókn einni hefðu 76 látist eftir að fólksfellirinn hófst upp úr jólum 1783. Varð ástandið þá þannig að grafa þurfti allt upp í 10 lík í sömu gröf. Enginn var þó grafinn án kistu. Langflestir fengu líka leg í kirkjugarði. Fjórtán manns varð þó að grafa í garði Hörgslandsspítala sem vissulega var líknarstofnun en þó ekki með eigin grafreit.<sup>26</sup> Einn maður var samt huslaður á víðavangi. Virðist hann hafa verið hálfgildings utangarðsmaður:

[...] hann var illur í skapi, blótaði nálega öllu, þá rjæð svo við horfa (guð lætur ei að sjer hæða). Hann varð úti á sandi fyrir austan Eldvatnið, er hann þar dysjaður uppi í hrauninu að vestanverðu og hlaðin varða yfir.<sup>27</sup>

Allan þann mannfelli sem varð á landinu ber þó ekki að rekja til eldsins eins heldur voru dánarorsakir fjölpættar. Fólki dó úr næringarskortri og hungri en einnig margs konar pestum og sjúkdómum sem aðeins að nokkru leyti má rekja til mengunar eða slæfðs mótstöðuafis vegna næringarskortis. Þannig gekk bólusótt hér 1785–1787 og jók á fólksdauða þótt hún væri ekki sérstaklega skæð.<sup>28</sup>

Tímabundinn flótti fólks af svæðinu jók á byggðaröskunina í gossveitunum en margt manna flúði úr þeim héruðum sem harðast urðu úti og fólk reyndi þannig að verða sér og sínum úti um lífsbjörg þótt sumum yrði lítt að gagni.<sup>29</sup> Lá fólksflóttinn almennt vestur fyrir hamfarasvæðið.<sup>30</sup> Eigur margra sem flúðu fóru í súginn er þeim var stolið og húsmunum og húsaviðum brennt í miklum eldiviðarskortri. Taldi Jón slíkt sums staðar hafa leitt til að jarðir sem ella hefðu getað byggst aftur lögðust í eyði.<sup>31</sup> Við þetta bættust svo hrakningar fólks innan héraðs þar sem einn settist að þar sem annar hafði flúið frá.<sup>32</sup>

Milli 60 og 70 prósent af búsmala landsmanna og flest búfé í gossveitunum féll.<sup>33</sup> Einnig fór búpeningur margra forgörðum þótt hann félli ekki allur sjálfkrafa. Margir freistuðu þess að senda búsmala sinn vestur fyrir öskufallssvæðið.<sup>34</sup> Sjálfur lét Jón Steingrímsson strax í upphafi goss reka kúr sínar og hesta vestur undir Kúðafljót og sendi heyskaparfólk með til að annast um búféð þótt ekki væri til annars en að „[...] fita [það] undir hnífinn, [...]“.<sup>35</sup> Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að bjarga öllu kvikfé sem rekið var vestur á bóginn var hitt þó í meiri hættu. Hröktust gripir um gossveitirnar og leituðu jafnvel á náðir mannfólksins:

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 39. Sjá og Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 112, 113.

<sup>26</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 39. Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 113.

<sup>27</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 39.

<sup>28</sup> Guðmundur Hálfðanarson, „Mannfall af Móðuharðindum“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 139–162, hér bls. 146–157.

<sup>29</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 24.

<sup>30</sup> Sama rit, bls. 20–21, 39–40.

<sup>31</sup> Sama rit, bls. 39–40.

<sup>32</sup> Sama rit, bls. 36. Sjá Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 112.

<sup>33</sup> Samkv. skýrslum sýslumanna mun nautpeningi hafa fækkað um helming, sauðfé um 80% en hrossum um 76%. Túlkun og úrvinnsla skýrslanna er þó nokkuð flókin. Sjá Sveinbjörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda“, bls. 163–178. Þorvaldur Þórðarson, „Skaftáreldar 1783–1784“, bls. 460. Við hrossafellinn lömuðust samgöngur, sem kom niður bæði á flutningum og ferðalögum, t.d. komust embættismenn ekki til þings. Pétur Þorsteinsson, „Ketilsstaðaannáll“, bls. 460–461.

<sup>34</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 27.

<sup>35</sup> Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 110–111. Magnús Pétursson, „Höskuldsstaðaannáll“, bls. 599.

[...] það ráfadi inn í bæi og varð þá margt ófrómu að bráð, framur en frá er segiandi, er þeim varð þó að þvílíkri óblessun, að þeir flosnuðu þó með þeim fyrstu upp og dóu svo flestir af húngri.<sup>36</sup>

Ein af afleiðingum byggðaröskunarinnar var að innviðir samfélagsins létu undan álagi. Er þar átt við félagslegt samtryggingar- og stuðningskerfi hreppanna og kirkjulegt starfsnet sóknanna sem gegndi mikilvægara hlutverki í einföldu bændasamfélagi á tímum trúarmenningar en síðar varð. Úrræði hreppanna voru einkum fólgin í að útdeila haust- eða fátækraftund og jafna niðursetningum niður á þá sem betur voru megandi. Í harðindunum dugðu þessi bjargráð skammt. Fyrir tíundargreiðslur tók að mestu með skepnufellinum og við upplausn byggðarinnar og fækkun heimila varð torveldara að setja fólk niður. Vegna skepnufellis og óáranar voru þau heimili sem eftir héldust einnig verr búin til að bæta á sig framfærslu. Hið kirkjulega stuðningsnet lét undan þegar tvær kirkjur urðu undir hrauni, í Skál á Síðu og Hólmaseli í Meðallandi, og sú þriðja, í Ásum í Skaftártungu, laskaðist. Ein sóknanna á hamfarasvæðinu, Kálfafellssókn, lagðist einnig tímabundið í eyði. Þá yfirgáfu aðrir prestar en Jón Steingrímsson hamfarasvæðið.<sup>37</sup> Má líta svo á að Jón og Sigurður Ólafsson (1732–1810) klausturhaldari í Kirkjubæ hafi myndað tveggja manna viðbragðs- teymi til stuðnings þeim sem héldust við á svæðinu (sjá síðar).

### Hamfarir og samfélagsaðstæður

Þrátt fyrir gríðarleg bein áhrif Skaftárelða og móðuharðindanna verður að veða inn margháttadar félags- og menningarlegar aðstæður í landinu sem juku á áhrif náttúruhamfaranna og ollu því að þau urðu eins mikil og raun ber vitni. Í áður nefndri grein frá 1984 varaði Gísli Gunnarsson við að gert væri ráð fyrir beinu sambandi milli náttúrufræðilegra aðstæðna og hag- og félagssögulegrar þróunar bæði á tímum móðuharðindanna og almennt.<sup>38</sup> Í því samhengi skiptir ávallt máli hvernig samfélag er í stakk búin til að mæta áföllum og hvaða bjargráðum það hefur yfir að búa til að bregðast við þeim.

Þegar meta skal orsakir þess að Síðueldur hafði eins mikil áhrif og raun ber vitni þarf bæði að horfa til staðbundinna félagslegra aðstæðna á hamfarasvæðinu og atriða sem höfðu víðtækari áhrif. Leiguliðabúskapur var ríkjandi hér á landi og þá ekki síst á svæðinu sem hér um ræðir. Mestur hluti jarðeigna hafði verið í eigu klaustranna tveggja er þar störfuðu á miðöldum, í Þykkvabæ og Kirkjubæ, en voru í konungseigu í lok 18. aldar og heyrðu undir Þykkvabæjar-, Kirkjubæjar- og Flöguumbod. Urðu landsetar að svara afgangi af jörðunum, sem var íþyngjandi þótt tímabundið væri slakað á kröfum í því efni. Búskaparhættir einkenndust af að túnaræktun var lítil en mjög treyst á útibeit. Meiri og betri slægjulönd í gossveitunum hefðu þó vart skipt sköpum meðan mengunaráhrif eldsumbrotanna voru mest og sprettan tregust í kjölfarið. Þau hefðu þó getað flýtt afturbata. Þá skiptir máli að aðdrættir voru erfiðir á svæðinu og fóru einkum fram á landi en með hruni hrossastofnsins, sem alfarið var upp á beit kominn, urðu samgöngur og flutningar mun torsóttari en verið hafði. Þá skipti máli að enn gætti hagfræði kaupauðgis- eða kaupskaparstefnunnar (e. *mercantilism*) mjög í efnahagsstjórn danska ríkisins og hér ríkti einokunarverslun. Með henni

<sup>36</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 36.

<sup>37</sup> Sama rit, bls. 15, 16–17, 24, 27–28. Er þarna átt við Sigurð Högnason (1730–1800) í Ásum og Björn Jónsson (1736–1808) í Meðallandsþingum sem flúðu svæðið sem og Jón Hjaltalín (1749–1835) á Kálfafelli sem fengið hafði veitingu fyrir Hvammi í Norðurárdal og flutti þangað. Magnús Pétursson, „Höskuldsstaðaannáll“, bls. 598. Lýsing Jóns Steingrímssonar á flóttu Björns Jónssonar er nokkuð kuldaleg. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 15–16. Til er önnur og átakanlegri lýsing af atvikum. Jón Jónsson, „Bréf um Skaftáreldinn“, *Sunnanfari* 2/1898, bls. 84–86, hér bls. 85–86.

<sup>38</sup> Gísli Gunnarsson, „Vorur Móðuharðindin af manna völdum?“, bls. 235–236.

var einkum stefnt að því að efla danska borgarastétt og auka tekjur ríkisins en ekki hámarka landnytjar Íslendinga eins og búauðgisstefnan (e. *physiocratism*), ríkjandi hagfræðistefna upplýsingartímans, miðaði að.<sup>39</sup> Loks ber að geta að um daga einveldisins höfðu háembættismenn á Íslandi takmarkað umboð til eigin ákvarðana og langt var á milli þeirra og stjórnarinnar í Kaupmannahöfn.<sup>40</sup> Hvort tveggja dró úr frumkvæði þeirra og virkni.

Neikvæð áhrif danskra stjórnvalda skulu þó ekki yfirdrifið. Ljóst er að íslenskir valdsmenn áttu einnig sinn þátt í að samfélagið var varbúnara að mæta hamförum en vera þurfti. Öldum saman hafði markvisst verið komið í veg fyrir þéttbýlismyndun og spornað gegn þróun fiskveiða nema sem hliðargreinar landbúnaðar.<sup>41</sup> Þá gætti löngum þess sem höfundur þessarar greinar hefur í öðru samhengi nefnt „íslensku leiðina“ en hún fólst í andófi valdamanna við að einstaklingar öðluðust aukið frelsi hvort sem var til að ráða eigin málum eða mynda sér eigin skoðun.<sup>42</sup>

Til viðbótar má svo nefna hugarfarssöguleg atriði sem áhrif kunna að hafa haft á viðbrögð samfélagsins við afleiðingum gossins. Þar kemur meðal annars til álita afstaða einstaklinga og samfélags til fátæktar og skorts og þeirra sem lifðu skort. Þrátt fyrir líknandi og styðjandi afstöðu Jóns Steingrímssonar til sóknarbarna sinna og sveitunga í gosinu (sjá síðar) virðist afstaða hans og annarra málsmetandi manna til hinna nauðlíðandi hafa mótast að einhverju leyti af því mati að hver og einn hafi hlotið þau örlög sem hann verðskuldaði. Kom þetta fram í mati hans á þeim sem létust en um þá sagði hann í *Eldritinnu*:

[...] eins og guð gaf í líkamlegum efnum, svo gaf hann og svo hverjum einum í þeim andlegu nógan iðrunar- og umvendunartíma, öllum þeim, er hann hafði ásett og fyrirhugað, að af þeirri pest burtkallast skyldu. Þeir voru, er úr þessu plázi dóu, 215 [...], en þó svo á sig kommir, að ei var stór mannsöknuður að þeim, nema hjer um 12 til 20, sem rjettskynjandi menn hafa síðan grundað og samantalið; frátakest og ungbörn, er enginn kunnir að segja að hverjum manni þau kynnu að verða. [Leturbr. HH].<sup>43</sup>

Ýtir þetta mat undir þá túlkun sem kynnt var hér frammar, sem sé að sú trúarlega heimsmynd að Guð sé frumorsök allra hluta sem mannum beri að beygja sig fyrir, hafi dregið úr baráttugetu og baráttuvilja þegar verulega syrti í álinn bæði meðal þeirra sem urðu undir og hinna sem stóðust eldraunina og lifðu af.

Þegar tekið er tillit til þeirra atriða sem nefnd hafa verið er raunhæft að spyrja hvort hrunið í móðuharðindunum hafi að verulegu leyti orðið af manna völdum eins og Gísli Gunnarsson gerði í fyrrnefndri grein.<sup>44</sup> Á hinn bóginn má einnig nefna félags- og menningarlega þætti sem mildað hafa höggið sem hamfarirnar ollu. Áhrifa upplýsingarstefnunnar hafði þegar tekið að gæta og þá fremur í Danmörku en hér á landi. Stjórnarfar tímabilsins víða í Evrópu var menntað eða upplýst einveldi en í anda þess stuðluðu stjórnvöld að fjölþættum framförum sem þegnarnir yrðu hluttakendur í, auk þess sem frjálsræði í stjórnarháttum jókst nokkuð. Það varð þó ekki ríkjandi í Danaveldi þótt áhrifa þess gætti nokkuð, einkum í hagsstjórn. Í Kaupmannahöfn voru stofnaðar sérhæfðar stjórnardeildir

<sup>39</sup> Lýður Björnsson, *Saga Íslands* 8, ritstj. Sigurður Línal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2006, bls. 128. Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodórsson, „Áhrif Skaftárelda á byggð og mannfjölda í Leiðvallar- og Kleifahreppum“, bls. 100–103. Gísli Gunnarsson, „Voru Móðuharðindin af manna völdum?“, bls. 236–237.

<sup>40</sup> Sjá Lýður Björnsson, *Saga Íslands* 8, bls. 15.

<sup>41</sup> Gísli Gunnarsson, „Voru Móðuharðindin af manna völdum?“, bls. 238.

<sup>42</sup> Hjalti Hugason, „Mér finnst þetta vera hið sama sem að biðja um að sinni trú verði eytt...“: Greining á alþingisumræðum um trúfrelsi 1863 og 1865“, *Ritrið Guðfræðistofnunar/Studia theologica islandica* 22/2006, bls. 43–80, hér bls. 75–76.

<sup>43</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðuel“, bls. 45. Sjá Gísli Gunnarsson, „Voru Móðuharðindin af manna völdum?“, bls. 238.

<sup>44</sup> Þess má geta að skráð er munnmælasaga um að Skaftáreldar hafi verið af völdum manns, nánar til tekið Skúla Magnússonar landfógeta. Honum á að hafa lent saman við Björn Jónsson prest í Hólmaseli og haft í heitingum við hann. Jón Jónsson, „Bréf um Skaftáreldinn 1783“, bls. 85.

eða skrifstofur við hlið kansallísins og rentukammersins sem voru konungi til ráðuneytis um stjórnvaldsaðgerðir. Þá höfðu áhrif búauðgisstefnunnar nokkuð tekið að ryðja sér til rúms en hún fólst í að stunda sem fjölþættasta nýtingu náttúrugaða og koma til leiðar umbótum í landbúnaði meðal annars með fjölgun sjálfseignarbænda á kostnað stórjarðeigenda, aðals og kirkju. Á árunum 1770–1771 starfaði landsnefndin fyrri og á næstu árum var gefin út fjöldi laga og tilskipana sem meðal annars var ætlað að stuðla að framförum í landbúnaði og fiskveiðum. Frá 1770 sat stiftamtmaður á Íslandi og var því upplýstari um aðstæður og hagi landsmanna en meðan þessi æðsti fulltrúi konungs var staðsettur erlendis. Loks skipti máli að á harðindaskeiðinu var verslunin tímabundið í höndum konungs sjálfs (konungsverslunin síðari 1775–1787). Með hjálp verslunarinnar var því mögulegt að koma nokkurri hjálp og stuðningi til landsmanna sem hefði verið torveldara hefði hún verið rekin af einstökum kaupmönnum eða sjálfstæðum verslunarfélögum eins og var lengst af einokunartímanum.<sup>45</sup>

„Hvað ef...?-saga“ hefur vissulega takmarkað gildi. Samt er áhugavert að spyrja hvort það hafi fremur verið Íslendingum til gagns eða ógagns að vera undir dönsk stjórnvöld seldir þegar Skaftáreldar og móðuharðindin dundu yfir. Raunhæft virðist að ætla að bakland Íslendinga í Kaupmannahöfn hafi gagnast þeim þegar mest á reyndi. Strax og fyrstu fréttir af gosinu bárust utan haustið 1783 sendu stjórnvöld hingað sendinefnd — Hans Christopher Didrich Victor von Levetzow (1754–1829) síðar stiftamtman (1785–1787) og Magnús Stephensen (1762–1833) síðar dómstjóra — til að kanna aðstæður og leggja á ráðin um nauðsynlega aðstoð. Skipið sem flutti þá komst þó ekki til landsins fyrr en um vorið 1784. Um veturinn var einnig hrint af stað söfnun í kirkjum í Kaupmannahöfn til stuðnings fólki í gossveitunum og síðan bæði víðar í Danmörku og í Noregi. Þá gripu bæði dönsk stjórnvöld og háembættismenn hér á landi til ýmissa mótvægisáðgerða. Korninnflutningur var aukinn en útflutningur innlendrar matvöru bannaður eða mjög skertur. Heimilað var að versla með innlenda matvöru sem flutt var milli landsfjórðunga til viðbótar við hinar hefðbundnu skreiðarferðir. Þá var lagt á ráðin um flutning fisks og fleiri matvæla með skipum konungsverslunarinnar en með hrúni hrossastofnsins var eins og framar segir kippt fótum undan flutningum á landi. Heimilað var að konungsverslunin afhenti að vissum skilyrðum uppfylltum vörur án greiðslu. Loks var fyrirskipað að félitlir leiguliðar skyldu búa um kyrrt á kotum sínum án afgjalda meðan harðast áraði.<sup>46</sup>

Sagnfræðingar hafa bent á að stjórnkerfið hafi þó að flestu leyti verið hægfara og viðbragðsseint, sem og að mikil áhersla hafi verið lögð á rannsóknir á ástandinu og áætlanir um bjargir og umbætur til lengri tíma litið. Minna hafi á hinn bóginn orðið úr bráðri neyðaraðstoð.<sup>47</sup> Gagnrýni síðari tíma manna kann þó að mótast af takmarkaðri tilfinningu fyrir aðstæðum á sögutímanum. Að sumu leyti var líklega frekar um að kenna tregum samgöngum og jafnvel skipstöpum en stjórnarfarislegri tregðu.<sup>48</sup> Miklu skiptir þó að Jón Steingrímsson gagnrýndi líka ráðstafanir stjórnvalda og embættismanna þeirra hér en hann hafði hvað gleggsta sýn á aðstæður á hamfarasvæðinu. Fann hann að því að stiftamtmaður,

<sup>45</sup> Lýður Björnsson, *Saga Íslands* 8, bls. 13–16. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Viðbrögð stjórnvalda í Kaupmannahöfn við Skaftáreldum“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, ritn. Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl., Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 187–214, hér bls. 188–190. Sigfús Haukur Andrésson, „Aðstoð einokunarverslunarinnar við Íslendinga í Móðuharðindunum“, *Skaftáreldar 1783–1784: Ritgerðir og heimildir*, ritn. Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl., Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 215–233.

<sup>46</sup> Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Viðbrögð stjórnvalda í Kaupmannahöfn við Skaftáreldum“, bls. 190–210. Sigfús Haukur Andrésson, „Aðstoð einokunarverslunarinnar við Íslendinga í Móðuharðindunum“, bls. 215–233.

<sup>47</sup> Sjá Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Viðbrögð stjórnvalda í Kaupmannahöfn við Skaftáreldum“, bls. 207–210.

<sup>48</sup> Sigfús Haukur Andrésson, „Aðstoð einokunarverslunarinnar við Íslendinga í Móðuharðindunum“, bls. 222.



sem þá var Lauritz Andreas Thodal (1718–1808, stiftamt. 1770–1785), hefði brugðist of seint við með kornúthlutun og þá skammtað of naumt.<sup>49</sup> Einnig gagnrýndi hann að gjafafé frá Kaupmannahöfn hefði skilað sér illa til þeirra sem mest þurftu á að halda og það verið látið ganga um of til kaupa á kornvöru í stað þess að styrkja menn til að afla sér veiðarfæra.<sup>50</sup> Þá áfældist hann stiftamtman, sem þá var von Levetzow, fyrir að láta flytja ósjálfbjarga fólk sem hrakist hafði af hamfarasvæðinu vestur í Rangárvalla-, Árnes- og Gullbringusýslu, alls um 40 manns, aftur til heimahaganna, þegar um sumarið 1785, áður en fátækrakerfið þar var orðið fært um að taka við fólkinu. Taldi hann ekki hafa verið um annað að ræða en að setja fólkið niður „til dráps“.<sup>51</sup> Loks gagnrýndi hann von Levetzow fyrir að hafa dregið landskuldir af klaustur- eða konungsjörðum og aðrar kuldir frá gjafafé sem verja átti til gripakaupa þrátt fyrir fyrri ákvörðun stjórnvalda.<sup>52</sup> Eins og fram er komið var Jón svo dæmdur fyrir að hafa útbýtt hluta af samskotafénu sem honum hafði verið gert að flytja frá stiftamtmani til sýslumanns í Vík.

### Jón Steingrímsson og Síðueldur

Jón Steingrímsson er meðal þeirra Íslendinga á 18. öld sem fá má hvað gleggsta mynd af. Stafar það af veigamiklum ritverkum hans sem felast ekki síst í einum umfangsmestu sjálfsskrifum frá þessum tíma, og einkum er að finna í ævisögu hans.<sup>53</sup> Sumir hafa talið Jón hafa ritað söguna í tveimur meginlotum, rúman helming á tímabilinu 1778–1783 og síðari hlutann á þremur síðustu æviárum sínum 1788–1791.<sup>54</sup> Aðrir telja hann ekki hafa hafið að rita söguna fyrr en skömmu eftir lát Þórunnar, fyrri konu sinnar, 1784 og lokið fyrri hluta hennar þá um veturinn en ritað síðari hlutann í áföngum fram um 19. júní 1791, sem er síðasta dagsetningin sem getið er. Tveimur mánuðum síðar lést Jón. Ber síðari hlutinn vott um þessar aðstæður en hann er skipulagslítill og sundurlaus miðað við fyrri hlutann.<sup>55</sup> Ástæða Jóns fyrir söguskrifunum var einkum að skýra þrjú atvik í lífi sínu fyrir afkomendum sínum: tildrögin að fyrra hjónabandi sínu, meðferðina á samskotafénu og kvonbænir sínar undir ævilokin. Auk þess vildi hann svo vitna um dásemdarverk Drottins í lífi sínu.<sup>56</sup> Undir lok ævinnar leit Jón svo á að Guð hefði ætíð haldið í hönd sér og komið í veg fyrir að „heiminum“ tækist að fordjarfa hann þótt hann hefði reynt það.<sup>57</sup> Að leiðarlokum var honum því handleiðsla Guðs og vernd ofar í huga en reiði hans og hirtingarhvöt þrátt fyrir það sem hann og sóknarbörn hans höfðu liðið.

Ævisagan er rituð í klassískri játningahefð kirkjunnar og sjálfsmynd Jóns eins og hún birtist þar fólst í að hann væri píslarvottur en jafnframt útvalinn af Guði til sérstaks hlutverks. Eigi að síður er sagan persónuleg, einlæg og opinská.<sup>58</sup> Sýnir ævisagan þannig

<sup>49</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 38, 42.

<sup>50</sup> Sama rit, bls. 42–43.

<sup>51</sup> Sama rit, bls. 44.

<sup>52</sup> Sama rit, bls. 45.

<sup>53</sup> „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 127–134 (Matthías Viðar Sæmundsson).

<sup>54</sup> Kristján Albertsson, „Formáli“, í Jón Steingrímsson, „Ævisagan“, bls. 9–19, hér bls. 13–14. Jóhannes B. Sigtryggsson, *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, bls. 14.

<sup>55</sup> Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 189. „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 125, 132–133 (Matthías Viðar Sæmundsson).

<sup>56</sup> „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 125 (Matthías Viðar Sæmundsson).

<sup>57</sup> Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 180. Gunnar Kristjánsson, „Eldklerkurinn: Um séra Jón Steingrímsson“, *Dynskógur* 7/1999, bls. 176–186, hér bls. 176.

<sup>58</sup> Kristinn E. Andrésson, „Hetjusaga frá átjándu öld“, *Tímarit Máls og menningar* 29:3–4/1968, bls. 234–253, hér bls. 235. Sigprúður Gunnarsdóttir, „Í eldhafinu. Eldurinn í Ævisögu síra Jóns Steingrímssonar“, *Mimir: Blað Félags stúdenta í íslenskum fræðum* 42/1995,

vaxandi einstaklingsvitund sem rekja má aftur til endurreisnar- og siðaskiptatímans en fór í vöxt með upplýsingarstefnunni. Skýra má sjálfsskoðunina og sjálfsskilninginn sem fram kemur í ævisöggunni með mismunandi móti. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín hefur skýrt þessi atriði guðfræðisögulega og sett þau í samband við píetismann er Jón hafi mótast af frá unga aldri.<sup>59</sup> Höfundur þessarar greinar hefur litið svo á að fremur beri að skilja sjálfsskilning Jóns út frá ævisögurituninni sjálfri og að útvalningarhugsunin sé síðar til komin eða á þeim tíma þegar Jón gerði upp reynslu sína af eldinum og afleiðingum hans undir ævilokin.<sup>60</sup> Fleiri stefnur og straumar hafa svo mótað hugarheim Jóns en píetisminn eins og drepíð verður á síðar.

Af öðrum ritum Jóns Steingrímssonar ber einkum að nefna *Eldritið*. Jón lauk skráningu þess á öndverðum vetri 1788.<sup>61</sup> Í ritinu lýsti hann náttúruhamförunum 1783–1784 og harðindunum sem á eftir fylgdu. Hann greindi frá áhrifum þeirra á kvikfénað, sem og sóttarfar mannfólksins, skýrði frá fólksfellinum en jafnframt bjargráðum þeirra sem eftir lifðu, er hann vonaðist eftir að gætu orðið öðrum að gagni ef svipaðar aðstæður kæmu upp að nýju.<sup>62</sup> Loks lýsti hann ýmsum afleiðingum eldsins sem hann raunar leit svo á að hefðu í ýmsu orðið til góðs.

Í því sambandi leit Jón svo á að hörmungarnar hefðu aukið nægjusemi og þakklæti þeirra sem lifðu af og lýsti hvernig „[...] nokkrir í þessari neyð lásu nú andagtuglega sinn borðsálm [...]“ yfir þeim skorna skammti sem þeir höfðu og gat jafnvel verið soðið skinn eða ólarreipi, sýrubleytt með feiti.<sup>63</sup> Einnig taldi hann marga hafa orðið auðmýkri og þolinmódari af því sem þeir liðu í harðindunum.<sup>64</sup> Þá kvað hann ýmsa óvenju hafa lagst af eftir eldinn og gat þar sérstaklega svokallaðra „smalareiða“ en þeim taldi hann hafa fylgt ólíðanlegt drykkjusvall.<sup>65</sup> Smalareiðir eða smalabúsreiðir voru sérstakur frídagur vinnuhjúa á austanverðu Suðurlandi sem bar upp á svipaðan tíma og Þorláksmessu á sumar (20. júlí) á miðöldum. Voru þær þyrnir í augum margra kirkjunnar manna sem þó tókst ekki að uppræta hefðina að fullu og kann að hafa eimt eftir af henni allt fram á 20. öld.<sup>66</sup> Meðal siðferðilegs ávinnings af gosinu taldi Jón og vera að ýmiss konar deilur sem staðið höfðu í héraðinu hefðu leyst.<sup>67</sup> Þá gat Jón þess að ýmis nýmæli, sem hann var andvígur og virðist hafa talið ranglátar álögur, hefðu lagst af vegna umbrotanna. Þar var um að ræða ferjutoll sem nýlega hafði verið tekinn upp við Skaftá en farvegur hennar breyttist og vað myndaðist á ánni.<sup>68</sup>

---

bls. 60–65, hér bls. 64–65. „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 126–127, 128–130, 132, 133–134 (Matthías Viðar Sæmundsson). Eiríkur Guðmundsson, *Gefðu mér veröldina aftur: Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og níjtjándu öld með blöðsjón af bugmyndum Michels Foucault*, Studia islandica/Íslensk fræði 55, ritsjtj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1998, bls. 33–50.

<sup>59</sup> Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „*Guð er sá, sem talar skáldsins raust*“: *Trú og bugmyndafræði frá píetisma til rómantíkur*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2006, bls. 114–125.

<sup>60</sup> Hjalti Hugason, „Sjálfsvitund á barmi taugaáfalls“, bls. 228–229.

<sup>61</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 4, 5.

<sup>62</sup> Sama rit, bls. 42.

<sup>63</sup> Sama rit, bls. 41. Tilvitnunin er m.a. áhugaverð vegna þess að frá síðari öldum getur fárra dæma um borðbænir eða borðsálma í þjóðháttafræðilegum heimildum. Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* 5, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér bls. 310–312, 336. Varðandi áhrif eldsins á bænahald benti Jón Steingrímsson annars á að Friðrik V (1746–1766) hefði stofnað til sérstaks bænadags vegna jarðskjálftans í Lissabon 1755 er haldinn hefði verið hér á landi 22. okt. árið eftir. Hins vegar hefði engu slíku verið fyrir að fara hér eða erlendis vegna Skaftárelda „[...] nema hvað fáeinir prestar tóku sjer fram um það, að brúka opinberlega viðvaranir og fyrirbænir, þann tíð er sú stóra landplága yfir stóð.“ Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 3.

<sup>64</sup> Sama rit, bls. 45.

<sup>65</sup> Sama rit, bls. 45–46.

<sup>66</sup> Árni Björnsson, *Saga daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 198–204.

<sup>67</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 46, 47.

<sup>68</sup> Sama rit, bls. 46.

Eins gat hann þess að hækkanir sem verða áttu á leigugjöldum í kjölfar jarðabókarstarfs Skúla Magnússonar (1711–1794) landfógeta (frá 1749) sem sett var fram í svonefndri *Harmoniskju jarðabók* (1769) hefðu farist fyrir.<sup>69</sup> Meðal „praktíks“ ávinnings af umbrotunum sem Jón þakkaði Forsjóninni var að í ljós hafði komið áður óþekkt mólág í jörðu sem mögulegt var að nota í þeim eldiviðarskortri sem ríkti.<sup>70</sup> Loks kvað hann að tekið hefði fyrir músagang í gossveitunum.<sup>71</sup>

Lýsing Jóns á eldsumbrotunum og áhrifum þeirra vitnar um vakandi athygli hans og áhuga á að fylgjast með framvindu gossins, hraunrennsli, öskufalli og öðrum beinum og óbeinum ytri áhrifum. Þá sýnir hún og þekkingu hans á fyrri eldgosum og öskulögum sem frá þeim voru komin.<sup>72</sup> Í *Eldritinu* kemur þannig fram glöggskyggn náttúrufræðileg sýn og söguleg þekking.<sup>73</sup> Þar kemur einnig fram afneitun hans á ýmsum alþýðlegum skýringar-tilgátum sem sveitungar hans aðhylltust og byggðar voru á viðtekinni þjóðtrú. Meðal annars má þar nefna skýringar Jóns á hljóðum úr jörðu sem sveitungarnir röktu til yfirnáttúrulegra afla eða huldufólks en hann skýrði með náttúrufræðilegri hætti þótt skýringar hans hafi lítið gildi nú.<sup>74</sup> Hann viðurkenndi þó að ýmiss konar tákni og undur hefðu boðað það sem í vændum var og jafnframt verið samfara eldsumbrotunum.<sup>75</sup>

Þrátt fyrir náttúrufræðileg viðhorf sín leit Jón Steingrímsson svo á að mestu skipti að túlka og skýra hamfarirnar ef verða mætti einhverjum til „uppvakningar“ og „siðbóta“.<sup>76</sup> Er sú túlkun sem í ritum hans er að finna lykillinn að því að Jón gat séð hörmungarnar að nokkru leyti í jákvæðu ljósi. Túlkun hans á Skaftáreldum byggðist á þeirri heims- og sögusýn að maðurinn þægi allt úr hendi almáttugs Guðs, bæði „strítt og blítt“.<sup>77</sup> Þessi túlkun var hluti þeirrar guðsmyndar að Guð væri almáttugur skapari sem kæmi öllu til vegar í náttúrunni og stýrði henni eftir fyrirfram ákveðinni áætlun.<sup>78</sup> Í hinu stríða eða andstæða fólst refsandi reiði Guðs en forsjón hans, langlundargeð og miskunnsemi í hinu blíða.<sup>79</sup> Þannig gat refsing og líkn komið fram í einni og sömu atburðarás eins og víða kemur fram í *Eldritinu*.<sup>80</sup> Þá gat Guð einnig linað þrautir fólks með óvæntum hætti eins og þegar

<sup>69</sup> Sama rit, bls. 7, 46.

<sup>70</sup> Sama rit, bls. 47.

<sup>71</sup> Sama rit, bls. 47.

<sup>72</sup> Sama rit, bls. 3.

<sup>73</sup> Hvað svo sem segja má um jarðfræðilega tilraunastarfsemi Jóns Steingrímssonar út frá raunvísindalegum sjónarmiðum nú á dögum sýnir hún að Jón freistaði þess að nálgast eldinn út frá náttúrufræðilegu viðhorfi. Sjá t.d. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 12–13.

<sup>74</sup> Ýmis hljóð úr jörðu rakti Jón til vinda eða loftstrauma í sprungukerfi jarðar. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 32–33. Vera má að skruðningarnir hafi að einhverju leyti stafað af hraunrennsli í sprungukerfinu.

<sup>75</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 7. Auk þess virðist það svartsýna eða „móralíska“ viðhorf hafa verið ríkt hjá Jóni Steingrímssyni að sú velsæld sem hann hafði búið við frá því hann fluttist úr Mýrdalnum að Prestbakka 1778 gæti ekki staðið til lengdar. Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 109.

<sup>76</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 4.

<sup>77</sup> Sama rit, bls. 45. Í *Eldritinu* kemur fram sá skilningur að eldgos beri almennt að skoða sem guðlega refsingu og það eigi því ekki við Skaftáreldana eina. Sama rit, bls. 3.

<sup>78</sup> Um hvörfin sem Jón Steingrímsson taldi verða um áramótin 1783–1784 sagði hann: „Segi hvor um þetta sem vill, það honum lízt, hluturinn er sannur. Guð gjörir engan hlut forgefins í náttúrunni. Þannig af gekk sú hátíð [hryggðartíð í útg. *Eldritisins* 1973 — innsk. HH] fyrir guðs hjálp og uppbyrjaðist önnur ný [...]“ Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 32. Jón Steingrímsson, „Eldritið“, bls. 373. Sjá Einar Sigurbjörnsson, „Eldklerkurinn síra Jón Steingrímsson“, *Ritroð Guðfræðistofnunar/Studia theologica islandica* 20/2005, bls. 26–36, hér bls. 32–34.

<sup>79</sup> Hinir líknandi eiginleikar Guðs komu einnig fram í að hann setti hinu stríða mörk eða bjargaði mönnum, „börnum sínum“, úr þeim voða sem þeir voru komnir í eða sendi þeim margs konar fyrirboða ef verða mætti að fólk sneri frá villu sinni. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 2, 7. Sami skilningur kemur fram í ævisögunni. Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 111, 115–116.

<sup>80</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 10–11, 18, 30, 36, 39, 41, 42, 45–46.

Eyrarbakkaskip strandaði fyrir Meðallandsfjöru 1784.<sup>81</sup> Þótt af því hlytist mannskaði og tjón linaði strandið þó þrautir þeirra sem dvöldu á hamfarasvæðinu og sóttu lífsbjörg í það.

Jón leit fyrst og fremst bæði á Skaftárelda og fyrri eldsumbrot sem orðið höfðu á landinu sem refsingu Guðs.<sup>82</sup> Þessi skilningur var þó ekki alveg einráður í ritum hans þar sem hann leit jafnframt svo á að mögulegt væri að „auðmjúklega afbiðja“ sér uppkomur af þessu tagi án þess að hann ræddi um beina iðrun í því sambandi.<sup>83</sup> Með *Eldritinu* vildi hann einnig

[...] víðfrægja þau drottins vísdómsfullu verk, sem hann eins og einn eldlegur múr verndaði mig mitt í þess eldhring og umsveiman, og ljét mig í öllum þeim ókjörum, sem hjer á gengu, halda lífi með óskelfdu hjarta og óþreytanlegum kröptum, meðan sú tiptan yfir stóð, sem jeg fæ aldrei nógsamlega grundað nje útsagt.<sup>84</sup>

*Eldritið* er því öðrum þræði guðfræðilegt rit enda samið á tímum heildstæðari heimsmyndar en nú tíðkast þegar mjög er greint milli trúar og vísindalegrar þekkingar.

Framan af er refsandi reiði Guðs í forgrunni í *Eldritinu*. Í inngangi þess velti Jón fyrir sér tvíþættum áhrifum höfuðskepnunnar elds sem hann benti á að væri manningnum hinn „nytsamlegasti“ en yrði jafnframt hinn skaðsamlegasti „[...] þá illa er með hann höndlað eður þá *sjálfur náttúrunnar herra létur sér þóknast að hleypta bonum lausum, til að straffa vondar athafnir mannanna*“ [leturbr. HH].<sup>85</sup> Í því sambandi benti Jón þó á að með refsingunni stefndi Guð ekki að því að eyða manningnum heldur taldi hann markmið Guðs vera „[...] að sú skynsemdarfulla skepnan, sem er maðurinn, tæki sér hér af því betri eftirþanka og viðvörun að styggja sinn guð og herra, [...]“.<sup>86</sup> Það var því frekar ögun en bein refsing sem var markmið þeirrar tyftunar sem í hamförunum fólst. Þessu skylt var að Jón leit svo á að með eldsumbrotunum og hraunstraumunum sem þau sendu niður í byggð hefði Guð fellt úrskurð í langvarandi deilumálum milli bænda um beitiland og slægjur.<sup>87</sup> Forsjón Guðs gat því haft margs konar íhlotun í kjör manna með eldinum. Undir lok *Eldritsins* þakkaði Jón Guði einnig fyrir að enginn hefði hlotið vandan, bráðan dauða af völdum eldsumbrotanna. Þvert á móti hefði öllum gefist ráðrúm til að bæta ráð sitt, sem ekki hefði verið vanþörf á, ekki síst þegar þeir ríku áttu í hlut. Taldi hann og að kristnihald hefði komist „[...] í langtum síðsamlegra og guðrækilegra stand [...]“ í kjölfarið og haldist svo fram yfir tilurð *Eldritsins* (1788).<sup>88</sup> Þannig hefði eldurinn að hans mati leitt til góðs þegar upp var staðið (sjá framar).

Jón dró tyftunarþátt gossins enn frekar fram er hann í upphafi *Eldritsins* lýsti eindæma árgæsku sem ríkt hefði árin á undan en þó einkum síðasta árið áður en gosið hófst er hann áleit að hefði ýtt undir munúðarlíf, matvendni, drykkjuskap og „tóbakssvall“. Taldi hann að „[...] þjónustufólk, húsgangslýður og letingjar[...]“ hefðu verið orðnir svo matvandir „[...] að ei vildu nema þá allra beztu og krydduðu fæðu.“<sup>89</sup> Þá hefði árgæskan gert bændum auðveldara fyrir að fjölga búfé sínu og valdið að margir vissu ekki hve margt sauðfé þeirra

<sup>81</sup> Sama rit, bls. 42.

<sup>82</sup> Þetta kemur vel fram í upphafi 41. kap. ævisögunnar. Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 110. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 3, 20, 21.

<sup>83</sup> „[...] hef jeg því skrifað, að menn kynnu að færa sjer þau [þ.e. auðfengin meðöl — innsk. HH] í nyt, ef honum [þ.e. Guði — innsk. HH] *þóknast að heimsækja land vort með slíkri plágu aptur, er vjer þó auðmjúklega afbiðjum eptir hans vilja*.“ [Leturbr. HH]. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 42.

<sup>84</sup> Sama rit, bls. 4. Þarna kemur fram að *Eldritið* skrifaði Jón öðrum þræði fyrir afkomendur sína líkt og ævisöguna. Sama rit, bls. 4–5.

<sup>85</sup> Sama rit, bls. 1.

<sup>86</sup> Sama rit, bls. 1–2. Þessu skylt er að Jón leit svo á að Guð hefði haldið aftur af eldsumbrotunum og þar með reiði sinni til að typtunin kæmi ekki „[...] of hastarlega, eður óforvarendis [...]“ yfir nokkurn mann. Sama rit, bls. 11. Sjá og sama rit, bls. 18.

<sup>87</sup> Sama rit, bls. 30.

<sup>88</sup> Sama rit, bls. 45.

<sup>89</sup> Sama rit, bls. 6. Í þeim heitum sem Jón notaði um hina lægra settu kemur aftur fram neikvæð afstaða hans til fátækra og fátæktar (sjá hér framar).

væri orðið, er leitt hefði til tíundarsvika. Í góðærinu hefðu menn líka hvorki hirt um að reka fé sitt á fjall né stunda fjallskil sem skyldi.<sup>90</sup> Góðærið vann því gegn góðum og gildum búskaparháttum að hans mati. Jafnframt varð kirkjusókn slæm og messuföll tíð að ástæðulausu.<sup>91</sup> Í *Eldritinu* kom því fram almenn gagnrýni á félagslega spillingu misserin fyrir gosið. Er hinir fátækari áttu í hlut kom hún fram í munaðarfýsni þeirra og kröfum um „óeðlilega“ gott atlæti en í harðneskju gagnvart nauðlíðandi, nísku og sérgæsku er um hina ríku var að ræða þótt margir sýndu vissulega samstöðu og deildu með sér af eignum sínum þótt væru af skornum skammti.<sup>92</sup> Jón Steingrímsson leit samt ekki svo á að refsingin væri einvörðungu almenn og væri stefnt gegn almennti félagslegri spillingu heldur gat hún allt eins beinst gegn spilltu atferli einstaklinga.<sup>93</sup>

Með því að líta á eldsumbrotin á Síðunni um sína daga og eldgos almennt sem refsingu Guðs fylgdi Jón Steingrímsson fornri heims- og sögusýn sem rekja má allt aftur til *Gamla testamentisins* þegar um gyðing-kristna trúarhefð er að ræða. Í *Síðari Samúelsbók* segir til dæmis að Davíð konungi hafi gefist kostur á að velja milli hungursneyðar í landi sínu í þrjú ár, þriggja mánaða flótta undan óvinum eða þriggja daga drepsóttar í landinu.<sup>94</sup> Sami skilningur kemur fram í ritum Þorsteins Péturssonar (1710–1785) á Staðarbakka sem var samtíma- maður Jóns en nokkru eldri.<sup>95</sup> Í ritgerð sinni um mannfækkun af hallærum sem birtist fyrst 1796 að höfundu sínum látnum vísaði Hannes Finnsson (1736–1796, Skálholtsbisk. frá 1785, aðstoðarbisk. frá 1777), samtímamaður Jóns en nokkuð yngri, til þessara „snörpustu vanda í Guðs hendi“ sem hann nefndi drepsótt, stríð og dýrtíð. Sjálfur taldi hann hið síðastnefnda sem hann kallaði einnig „hallæris-hungrið“ vera „hið harðasta sverð“. Ástæðan var að það hafði mörg önnur mein í för með sér. Hungrið vægði hvorki ungum né gömlum, hafði í för með sér langvarandi þjáningu áður en dauðann bar að, leiddi af sér margs konar sjúkdóma, drap kvikfénað og bústofn er náði sér ekki á strik nema á löngum tíma og leiddi auk þess af sér rán og gripdeildir meðan það stóð yfir en síðar „[...] dugnaðar- og stjórnleysi með sjálfstæði [...]“ til langs tíma.<sup>96</sup> Lýsing Hannesar á afleiðingum hallæris líkist mjög mati Jóns á afleiðingum móðuharðindanna. Það er þó athyglisvert að Hannes vísar fremur til refsingarhugmyndarinnar sem klassíks bókmenntalegs minnis en eiginlegs túlkunarlíkans eins og Þorsteinn Pétursson og Jón Steingrímsson gerðu. Umfjöllun Hannesar er að öðru leyti næsta veraldleg og til þess ætluð að tala kjark í lesendur og sýna þeim fram á að Íslandi væri byggilegt land þrátt fyrir tíð hallæri. Bendir þetta til að um daga Jóns hafi hin klassíska refsingarskýring fremur verið á undanhaldi. Hannes hafði það fram yfir Jón að hafa menntast í Kaupmannahöfn og var því mótaðri af nýrri menntastefnum en hann, einkum upplýsingarstefnunni. Að þessu leyti virðist Jón hafa gengið út frá hugmyndum við túlkun sína á eldinum sem fremur voru hopandi um hans daga.

<sup>90</sup> Sama rit, bls. 6. Sjá og sama rit, bls. 16, 35–36, 45. Mynd Jóns Steingrímssonar af spillingunni sem leiddi af árgæskunni fyrir 1783 minnir um margt á gagnrýnar lýsingar á veltiárunum fyrir hrúnið 2008.

<sup>91</sup> Sama rit, bls. 8.

<sup>92</sup> Sama rit, bls. 40, 45.

<sup>93</sup> Sama rit, bls. 13. Að hyggju Jóns leiddu hörmungarnar einnig oft í ljós lítilmennsku þeirra sem síst var að vænta eða létu oflátungslega. Sama rit, bls. 13, 15–16.

<sup>94</sup> 2Sam 24.13. Sjá og 1Kor 21.12.

<sup>95</sup> Sjá Þorsteinn Pétursson, *Sjálfsávisaga síra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka*, Haraldur Sigurðsson bjó til prentunar, Reykjavík: Hlaðbúð, 1947, bls. 211–219.

<sup>96</sup> Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1970, bls. 1–2. Jóhannes Nordal, „Formáli“, í Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1970, bls. v–vi, hér bls. v.

Auk þeirrar trúarlegu túlkunar Jóns á eldinum sem fram kemur í tyftunarhugmyndinni má benda á að hjá honum gætti og trúarlegrar sáttmálshugsunar sem sótt er til *Gamla testamentisins*.<sup>97</sup> Kemur hún ljóslega fram í að Jón ritaði ýtarlega um hve mikla von það vakti mörgum er regnbogi sást í fyrsta sinn eftir upphaf eldsumbrotanna en það gerðist fyrir embættisgjörð sunnudaginn 21. september á goshaustinu. Kvað Jón engan eftir það hafa orðið fyrir skaða af hraunstreymi eða ágangi vatna í sinni sókn.<sup>98</sup>

Lýsingar Jóns Steingrímssonar á Síðueldi og túlkun hans á gosinu eru þó ekki það eina sem hans verður minnst fyrir í því sambandi heldur reyndist hann sannur bjargvættur á fjölmarga vegu meðan á eldsumbrotunum stóð. Í fyrsta lagi hélt hann uppi prestsþjónustu sinni sem krafðist stöðugt meira af honum eftir því sem á harðindin leið. Á útmánuðum 1784 lýsti hann önnum sínum svo:

[...] voru dagstæðar 6 vikur, sem ég stóð ei við né fór úr fötunum, nærfellst að segja nótt og dag, til að þjónusta fólkið, bæði það sem burtkallaðist, og hitt sem af hjarði, er ei komst til kirkjunnar.<sup>99</sup>

Þá strengdu Jón og Sigurður Jónsson klausturhaldari þess heit þegar í upphafi goss að vera aldrei samtímis í burtu á meðan á eldinum stæði og mynduðu þannig eins konar viðbragðs-  
teymi svo viðhaft sé nútímahugtak yfir það hlutverk sem þeir öxluðu. Virðist Jón hafa verið einarður í að veita sveitungum sínum og sóknarbörnum alla þá aðstoð og hjálp sem hann mátti.<sup>100</sup> Þar sem Jón var prestur í samfélagi sem mótað var af trúarmenningu var hlutverk hans og staða öðrum þræði skilin og skynjuð trúarlega. Margir munu því hafa álitid að nærvera hans, einkum sem fyrirbiðjanda, fæli í sér vörn gegn þeim hættum sem steðjuðu að fólki.<sup>101</sup> Þá var eldmessan, sem Jón er þekktur fyrir, hluti af hinu trúarlega stuðnings-  
hlutverki hans. Messuna söng Jón í Kirkjubæjarklausturskirkju að öllum líkindum 5. sunnudag eftir þrenningarhátíð 1783 eða um hálfum öðrum mánuði eftir að gossins varð vart.<sup>102</sup>

Elstu lýsingu þess atburðar af hendi Jóns Steingrímssonar er að finna í bréfi sem hann ritaði síðla í ágúst þá um sumarið.<sup>103</sup> Þar líkti Jón aðstæðum við það er Mývatnseldar (1724–1729) eyddu bænum í Reykjahlíð en þar stóð kirkjan einmitt eftir í svokölluðum Óbrynnis-  
hólma.<sup>104</sup> Eftir að hafa skýrt frá skemmdum á kirkjum í héraðinu (sjá framar) ritaði Jón:

<sup>97</sup> 1M 9.1–17.

<sup>98</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 29–30.

<sup>99</sup> Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 113.

<sup>100</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 24, 27. Sjá og Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 111, 117. Kristinn E. Andrússon, „Hetjusaga“, bls. 250–253. Einar Laxness, „Á 200 ára afmæli Skaftárelda“, bls. 108. „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 130–132 (Matthías Viðar Sæmundsson). Sigþrúður Gunnarsdóttir lítur svo á að helsta markmið Jóns með ritun ævisögunnar hafi verið að sýna fram á köllunarhlutverk sitt; skiptir hún sögunni í þrennt: tímann fyrir eldinn (sköpun sögupersónunnar), hamfaraskiðið (sjálf Jóns fullskapast) og eftir eldinn (Jón bíður dauðans). Sigþrúður Gunnarsdóttir, „Í eldhafinu“, bls. 60–65.

<sup>101</sup> Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 112.

<sup>102</sup> Í elstu lýsingunni (sjá hér á eftir) tímasetti Jón atburðinn ekki. Í ævisögunni kveðst hann hafa flutt messuna 4. sd. eftir þrenn. Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 113. Í *Eldritinu* kveðst hann hafa gert það 20. júlí sem hafi verið 5. sd. eftir þrenn. Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 22. Líklegt er að í *Eldritinu* sé rétt farið með dags. en það var a.m.k. að hluta byggt á minnispunktum.

<sup>103</sup> Líklega var bréfið ritað til Magnúsar Péturssonar (1710–1784) annálaritara á Höskuldsstöðum en hann birti a.m.k. hluta úr því í annál sínum. Í öllu falli var viðtakandi vel kunnugur í Skagafríði og Húnavatnssýslu. Magnús var alinn upp í Fljótum, nam í Hólaskóla og var prestur á Höskuldsstöðum á Skagaströnd. Magnús Pétursson, „Höskuldsstaðaannáll“, bls. 597–598.

<sup>104</sup> Sama rit, bls. 598. Sjá *Íslandsbandbókin: Náttúra, saga og sérkenni* 1, ritstj. Tómas Einarsson o.fl., Reykjavík: Örn og Örlygur, 1989, bls. 491–492.

Eins stefndi þetta eldflóð að minni kirkju, því hún liggur við árfarveginn, sem eldurinn hljóp í, en fyrir stórt almætti guðs teptist hann þar í farveginum skammt fyrir ofan hana á einum sunnudegi, er eg og fólk var í henni. En þá fann eg og fleiri að neyð þrengdi og kenndi að biðja. Hér um tala eg ei frekara, þar mig snertir þetta á vissan máta, nema að gefa guði dýrðina.<sup>105</sup>

Lýsing Jóns í ævisögunni sem hann færði í letur nokkru síðar (einhvern tímann á tímabilinu 1784–1788) er nokkuð spennuþrungnari:<sup>106</sup>

En þar hann [eldurinn – innsk. HH] var á fullri framrás í afhallandi farveg, stefndi á klaustrið og kirkjuna sérdeilislega, einn sunnudag, [þ.e.] þann 4ða eftir tri(nitatis) [sjá þó nmgr. 102], embættaði eg í kirkjunni sem öll var í hristingu og skjálfta af ógnum þeim er að ofan komu. En svo var eg óskelfdur, og eg ætla allir þeir eð í kirkjunni voru, að vær vorum ljúfir og reiðubúnir að taka á móti því sem guð vildi. Var þá guð heitt og í alvöru ákallaður enda hagaði hans ráð því svo til að eldurinn komst ei þverfótar lengra en hann var fyrir embættið [...].<sup>107</sup>

Jón Steingrímsson gerði sér grein fyrir að hin eðlisfræðilega skýring á atburðinum var að meginvatnsföll héraðsins streymdu sameinuð að hrauninu og ollu því að það hlóðst upp í stað þess að renna áfram í óbreytta stefnu. Hann leit þó á atburðinn sem bænheyrslu og gaf Guði dýrðina.<sup>108</sup> Í *Eldritinu* frá 1788 lýsti Jón atburðinum enn. Að sögn hans þar safnaðist fjölmenni að kirkjunni téðan dag þar sem fólk óttaðist að þetta kynni að verða í síðasta sinn sem embættað yrði í henni. Lýsti Jón aðkomunni svo að þykka hitasvækju og þoku hefði lagt af hrauninu og skyggni heima á staðnum hefði verið svo lítið að vart hefði séð milli bæjar og kirkju.<sup>109</sup> Síðan ritaði hann:

[...] skruggur með eldingum svo miklar kippum saman, að leiptraði inn í kirkjuna og sem dvergmál tæki í klukkunum, en jarðhræringin iðugleg. Sú stóra neyð, sem nú var á ferð og yfirhangandi, kenndi mjer nú og öðrum að biðja guð með rjettilegri andakt, að hann af sinni náð vildi ei í hasti eyðileggja oss og þetta sitt hús, þá var ogso hans almættiskraptur mikill í vorum breyskleika. Jeg og allir þeir, sem þar voru, vorum þar aldeilis óskelfdir inni; enginn gaf af sjer nokkurt merki til að fara út úr henni, eða flýja þaðan meðan guðsþjónustugjörð yfir stóð, sem jeg hafði þó jafnlengri, en vant var; nú fannst ei stundin of löng að tala við guð. Hver einn var án ótta biðjandi hann um náð og biðjandi hann þess, er hann vildi láta yfir koma. Jeg kann ei annað að segja, en hver væri reiðubúinn þar að láta lífið, ef honum hefði svo þóknast, og ei fara þaðan burtu, þó að hefði þrengt, því hvergi sást nú fyrir, hvar óhult var orðið að vera. Jeg hætti að tala hjer frekar um, svo ei kunni að segjast með sanni, jeg vildi hér [svo] leita mjer eða öðrum lofdýrðar af mönnum. Nei, ekki oss, heldur þínu nafni drottinn gefum vjer dýrðina. Skoðum heldur, hvað hjer skeði fyrir hans krapt og eftir hans vilja.<sup>110</sup>

Eftir messuna var kannað hvað hraunið hefði færst meðan á henni stóð, „[...] þá var það ei um þverfótar, [...]“<sup>111</sup> Jón lýsti enn hinum eðlisfræðilegu skýringum á undrinu en lauk lýsingu sinni með þessum orðum:

Fórum við svo frá kirkjunni glaðvævari heim, en jeg frá geti sagt og þökkuðum guði fyrir svo ásjáanlega vernd og frelsi, sem hann hafði veitt oss og sínu húsi. Já, allir, sem þetta almættisverk sjá og heyra af því sagt, aldri og óbornir, prísi og víðfrægi hans háleita nafn. Frá þessum sama degi grandaði ei eldurinn stórvægis minni kirkjusókn á þennan veg.<sup>112</sup>

Af þessu má sjá að eftir því sem á leið urðu lýsingar Jóns á eldmessunni í senn ýtarlegri og ægilegri. Þar með dró hann stöðugt skýrar fram það undursamlega tákni um varðveislu Guðs sem hann og söfnuður hans upplifðu í þessum atburði. Frásagan varð stöðugt trúarlegri og innilegri og fékk loks yfirbragð og hlutverk jarteiknar, kraftaverkasögu eða predikunar í „náttúrufræðilegasta“ riti Jóns, það er að segja *Eldritinu*. Þá gaf hann í skyn að hvörf hefðu

<sup>105</sup> Magnús Pétursson, „Höskuldsstaðaannáll“, bls. 598.

<sup>106</sup> Sjá þó Sigbrúður Gunnarsdóttir, „Í eldhafinu“, bls. 60.

<sup>107</sup> Jón Steingrímsson, „Evisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 113.

<sup>108</sup> Sama rit, bls. 113.

<sup>109</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 22.

<sup>110</sup> Sama rit, bls. 22–23.

<sup>111</sup> Sama rit, bls. 23.

<sup>112</sup> Sama rit, bls. 23.

orðið í hamförunum með eldmessunni en eftir hana hefði tekið fyrir eyðingu byggðar í sókninni vegna ágangs hrauns. Þrátt fyrir þetta gekk Jón þess aldrei dulinn að atburðurinn átti sér eðlisfræðilega skýringu sem síðar var, sem kunnugt er, notuð á kerfisbundinn hátt til að bjarga höfninni í Vestmannaeyjum í Heimaeyjargosinu. Þetta dró ekki úr hinni trúarlegu upplifun Jóns af atburðinum enda byggðist túlkun hans á eldmessunni á sömu forsjónarhyggju og túlkun hans á Skaftáreldum almennt, það er að allt sem gerðist bæði „strítt“ og „blítt“ yrði með vitund og vilja Guðs og samkvæmt ráðsályktun hans, sem og að lokaniðurstaða hins ógnvænlega gæti orðið manningum til góðs. Að þessu starfaði Guð ekki aðeins í kraftaverkum heldur einnig með hjálp náttúrunnar og lögmála hennar. Má líta á það sem hið eiginlega verk Guð (lat. *opus proprium Dei*), það er að skapa og viðhalda, endurnýja og endurleysa sköpun sína.

Einar Sigurbjörnsson hefur bent á að ekki sé mótsögn á milli þeirrar virkni sem Jón sýndi meðan á eldgosinu stóð og þeirrar túlkunar hans að í umbrotunum opinberaðist refsandi reiði Guðs. Taldi Einar að markmið þeirrar boðunar hefði ekki falist í að vekja lamandi ótta heldur hefði lokamarkmiðið verið að vekja fólk til trausts á elsku Guðs og efla með því dómgreind, æðruleysi og útsjónarsemi af líku tagi og Jón sýndi sjálfur.<sup>113</sup> Þá má einnig líta svo á að tyftunina sem Jón lagði svo mikla áherslu á beri ekki að skilja sem verk er þjónaði sjálfstæðum tilgangi heldur hefði hún miðað að langsóttara marki sem fólst í að tryggja manningum eilífa velferð. Tyftunina má þá skoða sem „framandi“ verk Guðs (lat. *opus alienum Dei*) meðal fólksins á Síðunni og í nálægum héruðum en í því felur Guð kærleika sinn og opinberar þess í stað lögmál sitt og kröfuna um að því sé hlýtt.

Það liggur utan við viðfangsefni og forsendur nútímarannsókna að taka afstöðu til hvort eldmessan hafi falið í sér kraftaverk í trúarlegum skilningi eða ekki. Hið eina sem sagt verður er að Jón Steingrímsson áleit sýnilega að svo hefði verið og það í vaxandi mæli eftir því sem frá leið þrátt fyrir að honum væri hin náttúrufræðilega skýring jafnljós og nútímamanni. Hvað sem því líður má líta á eldmessuna sem markverðan atburð í glímu Jóns og sveitunga hans við Síðueld út frá öðru sjónarhorni. Með því að safna söfnuði sínum saman í nágrenni meginhraunstraumsins, hafa um hönd venjubundið guðsþjónustuhald og halda þar með uppi fastri hefð samfélagsins og víkja ekki frá hinu kunnuglega og fastákveðna, til dæmis með að stytta messuna, má líta svo á að Jón hafi andæft ógninni og boðið henni birginn.<sup>114</sup> Með því að honum tókst að halda fólkinu í kirkjunni og framfylgja þar reglu má jafnframt álykta að honum hafi tekist að kyrra huga fólks, beina athygli þess frá eldnum og tala í það kjark. Eldmessuna má því skoða sem athyglisverða leið Jóns til að byggja upp söfnuð sinn í öndverðu gosinu. Í því felst að gildi eldmessunnar var fyrst og fremst félagssálfræðilegt en ekki í því hvort hraunið hafi numið staðar meðan á henni stóð né hversu langt það í raun átti eftir að kirkjunni.

Aðstoð Jóns Steingrímssonar við sveitunga sína og sóknarbörn var þó engan veginn bundin við trúarlega sviðið. Hann sýndi mikið frumkvæði og hugkvæmni við að afla matvæla fyrir fólk sitt og nágranna.<sup>115</sup> Breytti þá engu að í raun leit hann svo á að ráðstafanir manna mættu sín lítils „[...] því að þá herrann vill straffa, kann enginn undan hans reiði að komast.“<sup>116</sup> Hann lýsti líka í ritum sínum ýmiss konar úrræðum sem gripið var til þegar

<sup>113</sup> Einar Sigurbjörnsson, „Eldklerkurinn síra Jón Steingrímsson“, bls. 31.

<sup>114</sup> Sjá Einar Laxness, „Á 200 ára afmæli Skaftárelda“, bls. 108.

<sup>115</sup> Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 44. Jón leit á sum tiltæki sín eins og t.d. þetta sem bænheyrslu eða kraftaverk Guðs.

<sup>116</sup> Sama rit, bls. 21.



matvæli var alls ekki að fá og ætla má að mörg þeirra séu frá honum sjálfum komin.<sup>117</sup> Í ljósi þess hve vel hann var að sér í lækningum má ætla að hann hafi einnig verið óvenjuúrræðagóður við að þróa möguleika á að draga fram lífið við nærfellt algjöran fæðuskort.<sup>118</sup> Þá sýndi Jón annars konar frumkvæði er hann ferðaðist vestur á Álftanes og sótti fjárstuðning fyrir þá sem harðast höfðu orðið úti í hamförunum og vék frá skýrum fyrirmælum stjórnvalda er hann útbýtti sjálfur hluta sjóðsins á leið sinni á fund sýslumanns í Vík í stað þess að afhenda honum upphæðina óskerta. Það hefði kostað marga mikið óhagræði, ef ekki orðið þeim um megn, að vitja styrksins til Víkur eftir að vestur undir Eyjafjöll var komið. Með þessu vann hann til refsingar svo sem fram er komið.

Þrátt fyrir að Jón liti svo á að hörmungarnar sem yfir hann og sveitunga hans gengu hefðu ekki aðeins samrýmst vilja Guðs heldur jafnvel opinberað réttláta og refsandi reiði hans, lagði Jón ekki árar í bát heldur var virkur og beitti sér til hins ýtrasta til að lina líkamlegar jafnt sem tilfinningalegar, sálfræðilegar og andlegar þjáningar þeirra sem fyrir eldinum urðu. Við það gekk hann raunar fram af sjálfum sér en líkur eru á að hann hafi þjádast af áfallatengdri streituröskun eða álagsheilkeni í kjölfar umbrotanna.<sup>119</sup>

## Guðfræði og trúarskilningur

Þegar leitað skal þeirra hvata sem urðu til að Jón Steingrímsson tók saman *Eldrit* sitt og aðrar lýsingar á Skaftáreldum, sem og róta þeirra túlkana og guðfræðiviðhorfa sem fram koma í ritum hans skal á það bent að hann var eins og aðrir íslenskir prestar í samtíð hans menningarlega séð tvítyngdur þar sem hann stóð á mörkum tveggja menningarheima.<sup>120</sup>

Jón var alinn upp við hefðbundna, alþýðlega trúarhætti og trúarhugmyndir þar sem bænir, vers og annað guðsorð var notað til verndar gegn öllu illu.<sup>121</sup> Guðný Stefánsdóttir (f. um 1678) frá Silfrastöðum, (móður-)afasystir hans, virðist hafa verið honum nain og mótað hann í æsku. Hún var læs og skrifandi og var auk þess vel lesin í *Nýja testamenti* Odds Gottskálkssonar og kunni ógrynni sálma. Hún var því óvenjuupplýst af alþýðukonu að vera. Hún var jafnframt hafsjór trölla-, drauga- og afturgöngusagna, kvað niður stórviðri með að

<sup>117</sup> Sama rit, bls. 41–42.

<sup>118</sup> Jón hlaut heiður frá Kristjáni VII Danakonungi (1766–1808) fyrir lækningar sínar. Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 114, 155. Einar Laxness, „Á 200 ára afmæli Skaftárelda“, bls. 101. Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „*Guð er sá, sem talar skáldsins raust*“, bls. 120. Meðal úrræða sem margir grípu til en voru Jóni Steingrímssyni á móti skapi var að leggjast í hrossakjötsát. Um það ritaði hann: „Sumir, þó allfáir í minni kirkjusókn, tóku fyrir sig að jeta hrossakjöt, dóu þeir flestir. Aðrir vildu fyr lífið láta en leggja sjer það til munns.“ Jón Steingrímsson, „Fullkomið skrif um Síðueld“, bls. 41. Varðandi landlæga andúð á hrossakjötsáti liggur nærri að tengja það við „undanþáguákvæði“ laga þeirra sem Þorgeir Ljósveitningagoði sagði fram samkvæmt frásögn Ara fróða og margir álíta að hafi tengst neyslu hrossakjöts við blót í norrænum átrúnaði. Fleiri og alþjóðlegri trúarsögulegar skýringar má þó benda á svo sem fyrirmæli um hreina og óhreina fæðu m.a. í lögmáli *Gamla testamentisins*. Andúðin kann svo að hafa viðhaldist og magnast af því að örsnautt fólk hafi helst lagt sér hrossakjöt til munns og þá í harðindum er hrossin voru farin að éta hvað sem að kjafti kom. Hrossum var heldur ekki slátrað í holdum heldur hefur fólk einungis komist yfir kjöt af hræjum horfallinna og sjálf dauðra hrossa sem legið höfðu á víðavangi og einskis þrifnaðar hefur verið gætt við fæðuöflunina. Hannes Finnsson lýsti slíkum örþrifaráðum og afleiðingum þeirra í riti sínum um mannfækkun af hallærum. Hannes nefndi þó eitt dæmi sem hann þekkti um að hrossakjöt hefði raunverulega komið að gagni í hallæri og var það þá vegna þess að Steindór (1743–1819) sýslumaður í Árnessýslu og bróðir Hannesar hafði sett reglur um hvernig þess skyldi aflað og það meðhöndlað. Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 51, 100–103 (athugasvör 224), 107–109 (athugasvör 229).

<sup>119</sup> Hjalti Hugason, „Sjálfsvitund á barmi taugaáfalls“, bls. 231–234. Hjalti Hugason, „Áfallatengt álagsheilkeni á miðöldum? Ráðgátan Guðmundur Arason í ljósi meðferðarfræða nútímans“, *Skírnir: Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 186: vor/2012, bls. 98–124.

<sup>120</sup> Peter Burke, *Folklig kultur i Europa 1500–1800*, Stokkhólmi: Författarfélagið, 1983, bls. 38–44.

<sup>121</sup> Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>to</sup>)“, bls. 11.

hafa yfir forn helgikvæði og lagði stund á margs konar gamla trúarhætti.<sup>122</sup> Ætla má að bernskumótun í þessum anda hafi sett ævilangt mark á Jón og mótað guðsmynd hans og trúarhugsun að minnsta kosti á tilfinningalegu og sálrænu sviði. Síðar mótaðist Jón af lærðri, evrópskri menningu samtíðar sinnar en hann innritaðist í Hólaskóla 1744 og útskrifaðist þaðan sex vetrum síðar. Eftir það var hann djákni að Reynistað 1751–1753, hversu mikið tóm sem honum í raun gafst til áframhaldandi náms þar en djáknastöðurnar voru einkum til þess ætlaðar.<sup>123</sup>

Jón átti ekki kost á háskólanámi þótt hugur hans stæði til þess. Hann varð samt vel að sér, meðal annars í latínu, stundaði ritstörf, lækningar, jarðabætur og fleira sem til framfara horfði og krafðist menntunar og innsýnar í bæði gamla og nýja þekkingu. Jón stóð þannig traustum fótum í menntaheimi samtíma síns en var þó ekki mótaður af háskólaguðfræði eða akademískum fræðaheimi Kaupmannahafnarháskóla eins og lærðustu prestar landsins á hans tíð. Því mótaðist hann af fræða-, bókmennta- og menningarstraumum samtíma síns gegnum þá menntahefð sem þróast hafði hér á landi frá siðaskiptum og fram á 18. öld á grundvelli þýsk-danskra áhrifa. Líta verður svo á að allar helstu menningar- og menntastefnur sem hingað bárust frá Evrópu frá 16. öld til loka þeirrar 18. hafi orkað á Jón Steingrímsson, gert hann að því sem hann varð og mótað rit hans. Er þar þó einkum átt við klassísimumann, húmanismann eða fornmenntastefnuna (á 17. öld), barokkmenninguna (á síðari hluta 17. aldar til fyrri hluta þeirrar 18.) og loks upplýsinguna (á síðari hluta 18. aldar).<sup>124</sup> Í gegnum þessar stefnur var Jón Steingrímsson vel tengdur inn í alþjóðlega (það er norður-evrópska) og íslenska bókmenntahefð.

Með ritum sínum um Síðveld má líta svo á að Jón Steingrímsson hafi bæði sótt í smiðju til fornmenntastefnunnar en jafnframt tengt við vaxandi náttúrufræðilegan áhuga og þekkingu samtíðar sinnar í anda upplýsingarinnar.<sup>125</sup> Í skrifum sínum fengust hinir lærðu húmanistar um aldamótin 1600 við náttúru en ekki síður undir Íslands eins og fram kemur hjá Arngrími Jónssyni (1568–1648) lærða og feðgunum Oddi Einarssyni (1559–1630, Skálholtsbisk. frá 1589) og Gísla Oddssyni (1593–1638, Skálholtsbisk. frá 1632).<sup>126</sup> Jafnframt var Jón aðeins einn í hópi ýmissa samtímamanna sinna, bæði íslenskra og danskra, sem lýstu Skaftáreldum og þá undir áhrifum upplýsingarinnar. Er hér ekki síst átt við Sæmund Magnússon Hólm (1749–1821), Magnús Stephensen, von Levetzow og fleiri.<sup>127</sup> Hitt meginrit Jóns, ævisöguna, má aftur á móti tengja við sjálfsskrif Ólafs Egilssonar (1564–1639) sem „herleiddur“ var í Tyrkjaráni, Jóns Ólafssonar (1593–1679) Indíafara og Jóns Magnússonar „þumlungs“ (um 1610–1696) þótt sjálfstjáníningin sé þar tekin öðrum tókum

<sup>122</sup> Sama rit, bls. 7–10. Sjá Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 285–289.

<sup>123</sup> Jón Steingrímsson, „Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4<sup>o</sup>)“, bls. 23–32, 40–46, 53–57. Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 158.

<sup>124</sup> Frá því Sigurður Nordal birti hina þekktu ritgerð sína um „sanhengið í íslenskum bókmenntum“ (1924) hefur verið venja að tala um tímabilið næst á eftir siðaskiptatímanum sem lærdómsöld. Sjálfur miðaði Sigurður við tímabilið 1630–1750. Sigurður Nordal, „Sanhengið í íslenskum bókmentum“, *Íslenskt lestrarbók 1400–1900*, Sigurður Nordal setti saman, Reykjavík, 1924, bls. ix–xxxii, hér bls. xxiii–xxiv. Í *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar (2, 1993) er miðað við tímanna 1550–1750 sem sérstakt bókmenntasögulegt skeið sem kallað er lærdómsöld. Það hefur síðar verið greint niður í undirtímabil m.t.t. stílfræði. „Nýir síðir og nýir lærdómar – Bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga* 2, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 379–521 (Böðvar Guðmundsson). *Íslensk stílfræði*, ritstj. Þorleifur Hauksson, Reykjavík: Styrktarjódur Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Mál og menning, 1994, bls. 338 (Þórir Óskarsson). Um merkingu barokkhugtaksins sjá síðar.

<sup>125</sup> Einar Sigurbjörnsson, „Eldklerkurinn síra Jón Steingrímsson“, bls. 29.

<sup>126</sup> Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „*Guð er sá sem talar skáldsins raust*“, bls. 114.

<sup>127</sup> Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodorsson, „Áhrif Skaftárelda á byggð og mannföldu í Leiðvallarhreppi og Kleifa-hreppi“, bls. 99–100.

og form ritanna sé annað.<sup>128</sup> Öll þessi rit tilheyra því skeiði sem hér verður litið á sem barokktímamann (sjá síðar).<sup>129</sup>

Gunnar Kristjánsson hefur litið svo á að Jón Steingrímsson hafi fyrst og fremst verið mótaður af lútherskri barokkguðfræði sem hann hafi komist í snertingu við í Hólaskóla, sem og í hugvekjubókum samtíma síns, meðal annars í ritum Jóns Vídalín (1666–1720, Skálholtsbisk. frá 1698). Í barokkguðfræðinni skipaði hugmyndin um forsjón Guðs veigamikinn sess. Guð var almáttugur og framseldi engum vald sitt heldur stóð að baki alls sem átti sér stað. Samkvæmt þessum skilningi hafði Guð ákveðið allt fyrirfram og mennirnir voru þátttakendur í sjónarspili þar sem allt laut endanlega vilja Guðs. Talið var að skilningur mannsins væri þoku hulinn meðan atburðirnir gerðust en að Guð hagaði þó öllu þannig að þegar til lengri tíma væri litið yrðu atburðirnir nafni hans til dýrðar og mannum til nytsemdar.<sup>130</sup> Meðal höfuðþema lúthersku barokkguðfræðinnar voru auk þess stefin sekt og refsing. Guð kom stundum fram sem refsandi en stundum líknandi, allt eftir því sem við átti. Með líknseminni hélt hann við mannlegri tilveru (lat. *opus proprium Dei*) en stemmdi stígu við valdi hins illa með refsingunni (lat. *opus alienum Dei*).<sup>131</sup>

Ekki er löng hefð fyrir notkun heitisins barokkguðfræði og síst í íslensku samhengi.<sup>132</sup> Hér á landi hefur hugtakið lengst af verið notað um sérstakan stíl og þá einkum í útskurðarlist og bókmenntum.<sup>133</sup> Margrét Eggertsdóttir hefur þó bent á að ekki beri einvörðungu að líta á heitið sem stílfræðilegt greiningarhugtak heldur sé einnig merkingarbært að nota það sem heiti á sérstöku bókmenntasögulegu skeiði, það er tímabilinu frá siðaskiptum til upplýsingar sem skarast við lærdómsöldina eins og Sigurður Nordal kaus að afmarka hana (sjá framar). Nordal og ýmsir á eftir honum skoðuðu tímabilið út frá þjóðlegum sérkennum sínum og álitu það hluta af sérstöku samhengi í íslenskum bókmenntum. Með hjálp barokkhugtaksins er aftur á móti mögulegt að rannsaka tímabilið í víðara evrópsku samhengi. Bendir Margrét á að á ofangreindu skeiði hafi margháttað menningarleg áhrif borist hingað frá Þýskalandi ásamt hinum nýja lútherska sið. Þó hafi einnig gætt áhrifa frá Englandi sem meðal annars hafi komið fram í dýpri innileika, sjálfsskoðun og „sálar-könnun“ en almennt hafi einkennt þýskar bókmenntir á sama tíma. Meðal annars hefur verið sýnt fram á ensk áhrif á íslenskan hómilústíl og þar með á postillu Jóns Vídalín.<sup>134</sup>

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín álitur Jón á hinn bóginn mótaðan af (íhaldssömum) píetisma og að þangað beri raunar að rekja áherslu hans á refsandi reiði Guðs. Þar með lítur Torfi á

<sup>128</sup> „Nýir siðir og nýir lærdómar – Bókmenntir 1550–1750“, bls. 489–495, 506–510 (Böðvar Guðmundsson).

<sup>129</sup> *Íslensk stílfræði*, bls. 390–406 (Þórir Óskarsson).

<sup>130</sup> Gunnar Kristjánsson, „Eldklerkurinn“, bls. 180–181. Einar Sigurbjörnsson er á sama máli en notar heitið rétttrúnaður en ekki barokkguðfræði. Einar Sigurbjörnsson, „Eldklerkurinn síra Jón Steingrímsson“, bls. 29. Sjá „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 127–128, 130 (Matthías Viðar Sæmundsson). Sjá og Kristinn E. Andrésson, „Hetjusaga“, bls. 248–250. Sjá þó Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „Guð er sá, sem talar skáldsins raust“, bls. 114–115.

<sup>131</sup> Gunnar Kristjánsson, „Eldklerkurinn“, bls. 181.

<sup>132</sup> Virðist raunar mega líta svo á að upphaf þess sé að rekja til nýjustu útgáfu *Vídalínspostilla*. Gunnar Kristjánsson, „Inngangur. Vídalínspostilla og höfundur hennar“, í Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla: Húspostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagsguðspjöll árið um kring*, Gunnar Kristjánsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1995, bls. xv–civ, hér bls. lvi.

<sup>133</sup> Þóra Kristjánsdóttir, „Kirkjur og kirkjugripir“, í Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 199–217, hér bls. 212–213. *Íslensk stílfræði*, bls. 338, 346, 414 (Þórir Óskarsson).

<sup>134</sup> Arne Møller, *Jón Vídalín og hans postil: En biografisk og litterærkritisk undersøgelse*, Óðinsvéum: Hempelske boghandels forlag, 1929, bls. 304–338. Gunnar Kristjánsson, „Inngangur: Vídalínspostilla“, bls. l–liii. Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn: List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 63, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2005, bls. 34–42, 405–411. Margrét afmarkar tímabilið ekki nákvæmlega í árum en nokkuð er misjafnt hvernig lærdómsöldin og barokktíminn eru tímasett. Skiptir þar nokkru hvenær siðaskiptatímanum er talið lokið (1550 eða 1630) og hvort barokktíminn er afmarkaður stílfræðilega eða heitið notað um bókmenntasögulegt tímabil í víðtækari merkingu.

Jón sem mann nýs skeiðs í guðfræðisögunni þar sem píetismann beri að skoða sem hluta upplýsingarinnar.<sup>135</sup> Þó telur hann að einnig megi líta á Jón sem fulltrúa hinnar eiginlegu upplýsingar sem hófst hér um 1780.<sup>136</sup> Áhorfsmál er þó hvort ekki beri að skoða þær áherslur í ritum Jóns sem Torfi túlkar sem píetískar sem merki um þau ensku áhrif sem getið er um hér frammar og þar með sem hluta af barokkskeiðinu.

Um miðja 18. öld urðu hvörf í íslenskri bókmenntasögu. Um það leyti er litið svo á að lærdómsöldinni og/eða barokktímanum ljúki og upplýsingartíminn taki við.<sup>137</sup> Við þá skiptingu má einnig styðjast í hugmynda- og hugarfarssögulegu samhengi.<sup>138</sup> Matthías Viðar Sæmundsson benti á að ævisaga Jóns sýndi að merkileg tímamót hefðu verið í aðsigi. Sagan sé byggð á fornri textahefð en í henni megi jafnframt greina persónulegt sjálf sem ekki sé endurtekning eða endurspeglun eldri sjálfstjáníningar heldur nýtt og sögulegt. Bendir það að hans mati til að samband hefðar og sjálfsskilnings hafi verið að taka stórfelldum breytingum um daga Jóns Steingrímssonar og að það komi skýrt fram í ævisögu hans.<sup>139</sup> Í *Eldriti* Jóns taldi Matthías Viðar einnig að saman fléttuðust ólík þekkingarkerfi þar sem í því gætti bæði náttúrufræðilegra skýringa upplýsingarinnar og trúarlegra túlkana rétttrúnaðar- eða barokktímans (sjá og hér frammar).<sup>140</sup>

Hér er tekið undir með Matthíasi Viðari og litið svo á að Jón Steingrímsson standi á mörkum tveggja tímabila og að hann sæki hvatann að skrifum sínum í senn til húmanisma lærdómsaldarinnar og náttúrufræðiáhuga upplýsingarinnar en alþýðleg, trúarleg æskumótun hans og barokkmenntun ráði mestu um þær túlkningar sem fram koma í ritum hans um eldinn.<sup>141</sup>

## Lokaorð

Skaftáreldar eru meðal mestu eldsumbrota sinnar tegundar á jörðinni á sögulegum tíma og þar með jarðsögulegur atburður. Móðuharðindin sem fylgdu þeim og stöfuðu af brennisteinstvöldi sem losnaði út í andrúmsloftið komu fram í lækkuðu hitastigi og veðurfarsöfngum á norðurhveli jarðar næstu ár á eftir gosinu og höfðu margháttuð önnur áhrif á líf fólks. Á þessu skeiði fækkaði íbúum landsins um fimmtung, búpeningur stráféll og hagur landsmanna beið tímabundinn hnekki. Allt frá þessum tíma hefur eldurinn verið hluti af sameiginlegum minningum þjóðarinnar og hefur oft verið litið svo á að á þessu skeiði hafi byggð í landinu staðið tæpast. Því má líta svo á að Skaftáreldar séu tilvistarlegur viðburður í þjóðarsögunni sem hafi haft langvarandi áhrif á sjálfsmynd þjóðarinnar. Hér er

<sup>135</sup> Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „*Guð er sá, sem talar skáldsins raust*“, bls. 42, 111, 115, 119, 124–125, 129. Torfi Hjaltalín bendir á að sjálfsskoðunina sem kemur fram í ævisögu Jóns megi líta á sem áhrif frá píetismanum. Sama rit, bls. 66. Ekki virðist á hinn bóginn augljóst að deilur hans við sóknarbörn sín beri almennt að skoða sem deilur um trúar- eða guðfræðistefnur.

<sup>136</sup> Sama rit, bls. 125.

<sup>137</sup> Þessi tímabilaskipting liggur t.a.m. til grundvallar í *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar (2 og 3, 1993 og 1996). Í öðru bindi er þannig fjallað um bókmenntir á lærdómsöld (1550–1750) en upplýsingaröldina (1750–1840) í því þriðja.

<sup>138</sup> Með hugmyndasögu er hér átt við lærðar hugmyndir sem settar eru fram í rituðu máli. Með hugarfarssögu er átt við grundvallarviðhorf fólks til heims, manns, lífs og dauða sem og tilgang þessa alls sem sett eru fram með ýmsu móti og geta verið sameiginleg lærðum og leikum. Hugarfarssagan leitast þó fremur við að greina alþýðleg viðhorf sem standa höllum fæti í hugmyndasögunni. Sjá „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 134 (Matthías Viðar Sæmundsson). Kristinn E. Andrésson, „Hetjusaga“, bls. 234–235, 244–246.

<sup>139</sup> „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 134 (Matthías Viðar Sæmundsson). Sjá og Guðbjörn Sigurmundsson, „Bókmenntir á upplýsingaröld 1750–1840“, *Saga Íslands* 8, ritstj. Sigurður Línal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 293–358, hér bls. 338.

<sup>140</sup> „Upplýsingaröld 1750–1840“, bls. 43–58 (Matthías Viðar Sæmundsson).

<sup>141</sup> Þess má geta að Ófeigur Sigurðsson rithöfundur lýsir Jóni Steingrímssyni alfarið sem upplýsingarmanni í riti sínu *Skáldsögu um Jón & hans rituðu bréf*.

Því ekki aðeins um náttúruhamfarir að ræða heldur einnig félags- og menningarlegt fyrirbæri. Hamfarirnar höfðu samfélagslegar afleiðingar en jafnframt ollu samfélagsaðstæður miklu um hversu mikil áhrif hamfaranna urðu. Eldsumbrotin mótuðu menninguna með margvíslegu móti en félags- og menningaraðstæður réðu líka miklu um það hvernig fólk upplifði, brást við og túlkaði atburðarásina.

Í sögu Skaftárelda stendur presturinn Jón Steingrímsson í atburðarásinni miðri og án hans væri þekking okkar á þeim í molum. Jón þjónaði söfnuði sínum sem prestur. Hann bað fyrir þeim sem þjáðust í mestu hamförunum, þjónustaði hin deyjandi, gróf þau sem létust en huggaði þau sem eftir lifðu. Virðast sumir jafnvel hafa litið svo á að nærvera hans ein verndaði byggðarlagið og þau sem þar þraukuðu. Þá er hans minnst fyrir eldmessuna sem líta má á sem djarfan félagssálfræðilegan gjörning. Hjálp hans náði þó lengra. Hann hafði frumkvæði um ýmiss konar bjargráð og fæðuútvægum og gerðist milligöngumaður um flutning styrktarfjár til eldsveitanna. Fór hann í því efni á svig við fyrirmæli yfirvalda og ávann sér refsingu fyrir. Varð hann eini maðurinn sem fékk dóm í kjölfar þess hruns sem varð í kjölfar eldsins. Má líta á það sem þverstæðukennd málalok.

Jón Steingrímsson er líka sá einstaklingur sem lagði langmest af mörkum við að skrásetja, lýsa og túlka Skaftárelda og móðuharðindin. Það hóf hann að gera meðan á eldinum stóð og lauk verkinu um fimm árum síðar. Er gleggstu lýsingu hans að finna í svokölluðu *Eldriti* en einnig í ævisögu hans sem er með viðamestu sjálfsskrifum Íslendinga á 18. öld og gefur meðal annars innsýn í þróun einstaklingsvitundar hér á landi. eru bæði ritin því einstök hvort á sinn hátt. Jón Steingrímsson var fær um að rita þessi meginverk sín vegna þess að hann stóð föstum fótum í þeirri bókmennta- og lærdómshefð sem þróast hafði hér á landi á grundvelli evrópskra menningarstrauma frá siðaskiptum og hafði auk þess nokkra nasasjón af nýjum sjónarmiðum sem voru að ryðja sér til rúms erlendis um hans daga í anda upplýsingarinnar.

Við skrif sín um eldinn byggði Jón á fordæmum sem rekja má aftur til tíma fornmenntastefnunnar þegar fræðimenn rituðu í senn um náttúru og undur Íslands sem birtust ekki síst í eldsumbrotum. Í þessum skrifum hans gætir og upplýsingaráhrifa en þau leiddu til aukins áhuga og skilnings á náttúrunni og fyrirbærum hennar. Rit hans eru þó ekki aðeins lýsandi og greinandi heldur túlkaði hann líka atburðina sem hann lifði út frá þeirri alþýðlegu trú sem hann hafði alist upp við og þeirri guðfræði sem hann hafði verið skólaður í á Hólum. Þar er einkum átt við guðfræðistefnu sem fram til þessa hefur verið kennd við rétttrúnað en er nú tekið að nefna barokkguðfræði en sú nafnbreyting hefur þann kost að tengja stefnuna við menningu samtímans í Evrópu. Á þessum grunni leit Jón svo á að í eldinum bæri honum og samtíð hans að skynja réttláta reiði og refsingu Guðs en þó jafnframt líkandi vernd hans. Um daga Jóns var í raun tekið að fjara undan þessari túlkun eins og glöggst má sjá í riti yngri samtímamanns hans, Hannesar Finnssonar biskups. Jón Steingrímsson lifði vissulega hörmungartíma sem reyndu á hann, sóknarbörn hans og sveitunga og raunar landsmenn alla. Í kjölfar eldsins var hann þrotinn að líkamlegum og andlegum kröftum. Það kom þó ekki í veg fyrir að hann skynjaði von um vernd og nýtt upphaf eins og kom berlega í ljós er hann leit regnbogann í fyrsta sinn eftir að eldsumbrotin hófust og mengunarmóðan lagðist yfir héraðið.

Í upphafi þessarar greinar var þeirri spurningu velt upp hvort sú grundvallarsannfæring Jóns að eldurinn fæli í sér refsingu Guðs hefði dregið þrek og þrótt úr Jóni og beygt hann undir refsinguna. Þá spurningu má umörða sem svo hvort Jón hafi sjálfur kysst glaður á hirtandi hönd Föðurins (sbr. 44. Passíus., 20. v.) og boðið öðrum að gera hið sama.

Vissulega má merkja þá afstöðu hjá Jóni að hann hafi talið margan fá makleg málgjöld í hörmungunum sem yfir gossveitirnar gengu og talið að ekki hafi verið mikil eftirsjá að flestum þeim sem dóu í harðindunum sem fylgdu eldinum. Þrátt fyrir þetta sýndi Jón stöðugt frumkvæði, áræði og djörfung við að bjarga sér, sínum, sveitungunum og söfnuðinum sem best frá hörmungunum. Atferli hans á umbrotatímunum fólst því ekki í uppgjöf eða aðgerðaleysi heldur hinu gagnstæða. Virðist eldmessa hans til að mynda hafa verið nokkurs konar táknræn mótmæli hans við eldsumbrotunum og félagssálfræðileg tilraun til að snúa vörn sveitunganna í nokkurs konar sókn gegn þeim. Sú ályktun sem kynnt var í upphafi og dregin var af trúar- og guðfræðilegri sýn Jóns á eldinn, það er að refsingartúlkunin hefði leitt til undirgefni og uppgjafar, virðist því ekki standast. Ástæða þess virðist einkum felast í því að Jón skynjaði Guð að verki bæði í hinu „stríða“ og „blíða“ sem gekk yfir hann og umhverfi hans. Hann greindi heldur ekki skarpt þar á milli enda var frumuppsprettan sú sama, Guð og íhlutun hans í kjör mannsins. Þegar upp er staðið virðist því mega líta svo á að Jón Steingrímsson hafi skynjað þá eyðingu sem hann varð vitni að í eldinum og taldi frá Guði komna vera „framandi“ verk Guðs (lat. *opus alienum Dei*), unnið af illri nauðsyn. Í hörmungunum skynjaði hann einnig líknandi hönd Guðs, forsjón hans, sem sá til að ekki fór verr. Það var hið „eiginlega“ eða „eðlilega“ verk Guðs (lat. *opus proprium Dei*). Refsingin var ekki takmark Guðs heldur tæki sem hann gat notað til að endurnýja söfnuð sinn. Það skynjaði Jón Steingrímsson ekki síst í regnboganum sem loks myndaðist í gosmóðunni. Mitt í hörmungunum leit hann svo á að Guð endurnýjaði sáttmála sinn við mannkyn eða þann hluta þess sem þjáðist á Síðunni og í nálægum héruðum. Það hélt honum á lífi og gerði honum fært að þjóna söfnuði sínum á Síðunni uns harðindunum slotaði og réð einnig túlkun hans á því sem hann hafði fengið að líða.